



ÖLGERÐIN Sjálfbærniskýrsla 2024

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
Inngangsorð forstjóra.....	4
Samstarfsaðilar.....	6
Markmið Ölgerðarinnar.....	7
Markmið Ölgerðarinnar til 2030.....	8
Sjálfbærnivægferð.....	9
Umbætur.....	10
Sjálfbærni er okkar fyrsta val.....	11
Starfsemi Ölgerðarinnar.....	12
Stjórnun og eftirfylgni sjálfbærni.....	12
Sjálfbærnistefna.....	13
Tvíátta mikilvægisgreining.....	14
Mikilvægisþættir samstæðu Ölgerðarinnar.....	15
Tvíátta mikilvægisgreining samstæðu Ölgerðarinnar og áhrif á virðiskeðju.....	16
2. Umhverfiþættir.....	17
Loftslagsbreytingar.....	18
Science Based Target (SBTi).....	19
Kolefnishlutleysi 2040.....	20
Losunarkræfni tekna.....	20
Kolefnisspor Ölgerðarinnar.....	21
Niðurbrot á kolefnisspori eftir árum.....	22
Kolefnisspor Ölgerðarinnar 2024.....	23
Orka og orkunotkun í starfsemi.....	24
Betri orkunýting.....	24
Rafvæðing bílaflotans.....	25
Rafvæðing í framleiðslu.....	25

Umbúðir og hráefni.....	26
Endurbætur á umbúðum og framleiðsluferlum.....	26
Vatnsnotkun og líffræðilegur fjölbreytileiki.....	27
Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi.....	28
Flokkunarhlutfall.....	28
Endurvinnsla umbúða.....	29
Kaffihylki.is.....	29
Dregið úr matarsóun í vefverslun.....	29
3. Félagsþættir.....	30
Mannréttindi.....	31
Vellíðan og færniþróun starfsfólks.....	32
Starfsþróun og menntunarstig.....	32
Fjölbreytileiki.....	33
Stefna um fjölbreytileika.....	33
Kynjahlutföll.....	34
Jafnvægisvögin.....	35
Jafnrétti og fjölbreytileiki.....	35
Íslenskukennsla fyrir öll – Bara tala.....	35
Heilsa og öryggi starfsfólks.....	36
Núll-slysastefna.....	36
Heilsueflandi vinnustaður.....	36
Fræðsla og þjálfun.....	36
Starfaskipti.....	37
Mannréttindi í virðiskeðju.....	37
Birgjamat.....	37
Heilsa og öryggi neytenda.....	38
Hollari valkostir.....	38
Sætuefni.....	39

Íslensk hráefni.....	39
Ábyrgir markaðshættir.....	40
Gæði og öryggi vara og ábyrgð gagnvart samfélagi.....	40
Ábyrg markaðssetning.....	40
Styrkir til samfélagsins.....	40
4. Stjórnarhættir.....	41
Viðskiptasiðferði og fyrirtækjamenning.....	42
Starfs- og siðareglur.....	42
Stjórnunarhættir.....	42
Siðferði og aðgerðir gegn spillingu og mútum.....	43
Sjálfbærnistjórnun.....	43
5. ESG-þættir.....	44
Skýrsla og áritun Klappa grænna lausna hf.	45
Skýrsla stjórnar og forstjóra.....	46
ESG-þættir.....	47
Rekstrarþættir.....	47
Losunarbókhald.....	49
Umhverfiþættir.....	54
Umhverfisstjórnun.....	59
Félagslegir þættir.....	60
Stjórnarhættir.....	66
Ályktun óháðs endurskoðanda með takmarkaðri vissu.....	69
Skipulags- og rekstrarmörk.....	71
Skilgreiningar.....	72
Skýringar.....	74

1.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra 4

Samstarfsaðilar 6

Markmið Ölgerðarinnar 7

Markmið Ölgerðarinnar til 2030 8

Sjálfbærnivegferð 9

Umbætur 10

Sjálfbærni er okkar fyrsta val 11

Starfsemi Ölgerðarinnar 12

Stjórnun og eftirfylgni sjálfbærni 12

Sjálfbærnistefna 13

Tvíátta mikilvægisgreining 14

Mikilvægisþættir samstæðu Ölgerðarinnar 15

Tvíátta mikilvægisgreining

samstæðu Ölgerðarinnar og áhrif á virðiskeðju 16

Inngangsorð forstjóra

Árið 2024 einkenndist af öflugri framþróun í sjálfbærni hjá Ölgerðinni, enda er sjálfbærni ekki aukaatriði í rekstri fyrirtækisins – hún er samofin okkar framtíðarsýn. Sett voru af stað ný verkefni og markvisst var unnið að umbótaverkefnum. Við viljum vera fyrsta val allra hagaðila og trúum við því að sjálfbærni sé stór hluti af daglegum ákvörðunum og langtímastefnu okkar.

Eitt af stærstu og áhrifamestu skrefunum á árinu var breyting á framleiðslulínu fyrir plastflöskur. Breytingarnar leiddu til þess að um plastnotkun minnkaði um 58 tonn. Á ársgrundvelli er áætlaður sparnaður 80 tonn, sem er augljós ávinningur og sýnir hvað markvissar ákvarðanir geta haft mikil áhrif.

Á árinu var skrifað undir samning við Skógræktarfélag Reykjavíkur um skógrækt í Lundarreykjadal og verður skógurinn opinn almenningi til útivistar. Áætlað er að gróðursetja þar 400 þúsund plöntur á næstu fimm árum og mun Ölgerðin eignast 95% af þeim kolefniseiningum sem myndast á því 50 ára tímabili sem samningurinn nær til.

Rafbílavæðing bílaflotans heldur áfram af krafti. Á árinu voru keyptir 15 rafmagnsbílar, þar af tveir trukkar. Markmið okkar er að í lok árs 2025 verði 68% af flotanum 100% rafbílar og 77% ef við teljum tengitvinnbíla með.

Umbótastarf er samofið menningu fyrirtækisins. Lokið var við mörg hundruð umbætur sem allar eiga það sammerkt að minnka eða eyða sóun. Meðal verkefna má nefna tæknilega uppfærslu á vélbúnaði sem bætir orkunýtingu, breytingar á merkingum sem fóru til Fjölsmiðjunnar og minni notkun á sápu sem nemur 10 tonnum ári. Þetta eru allt hugmyndir sem koma frá starfsfólki Ölgerðarinnar og er ánægjulegt að sjá hvað sjálfbærni er orðin stór þáttur í vinnustaðamenningu okkar.

Ölgerðin hlaut viðurkenningu Sjálfbærniássins árið 2024. Ölgerðin skoraði hæst í flokki framleiðslufyrirtækja á Íslandi. Þetta er í fyrsta sinn sem viðurkenning Sjálfbærniássins er veitt. Sjálfbærniásinn er mælikvarði sem metur viðhorf almennings til frammistöðu íslenskra fyrirtækja og stofnanna í sjálfbærni. Við hjá Ölgerðinni erum þakklát fyrir viðurkenninguna og lítum á hana sem hvatningu til að halda áfram á þeirri vegferð sem við höfum markað okkur. Við erum einnig stolt af því að hækka um flokk í UFS mati Reitunnar, en Ölgerðin fær framúrskarandi einkunn í sjálfbærnimati Reitunnar. Ölgerðin hefur farið í gegnum UFS mat á vegum Reitunnar frá árinu 2021 og er nú í flokk A3 sem er efsti flokkur í UFS einkunnargjöf. Ölgerðin er einnig á lista Sjálfbærnivísis PwC árið 2024 og fellur Ölgerðin undir flokk 2. Slík viðurkenning er hvatning – en líka áminning um að við getum og eigum eftir að gera enn betur.



Sjálfbærnivægferð Ölgerðarinnar byggir á raunverulegum aðgerðum, ekki aðeins markmiðum. Það er sá grundvöllur sem við viljum halda áfram að byggja á. Framtíðin krefst hugrekksis, lausnamiðaðrar hugsunar – það er okkar hlutverk að bregðast við áskorunum og takast á við þær með ábyrgð og viljanum til að leiða með fordæmi.

Við nýtum fjölbreyttar auðlindir og mannauð til að skapa verðmæti fyrir hagsmunaaðila og samfélagið í heild og við stefnum að því að vera fyrsta val allra hagsmunaaðila. Með skýra framtíðarsýn að leiðarljósi og markvissri nálgun á sjálfbærni höfum við þróað starfsemina með það að markmiði að skapa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Inntak

Auðlindir

vatn, hráefni og orka

Mannauður

starfsfólk og þekking þeirra

Fjárfestingar

í nýsköpun, tækni og framleiðsluaðstöðu

Samstarfsaðilar



Hagaðilar

Samstarfsaðilar

Starfsfólk

Birgjar

Eigendur

Stjórnvöld

Þjónustuaðilar

Viðskiptavinir

Neytendur

Framtíðarsýn og markmið

Sókn

- Öflug vöruþróun á nýja markaði
- Fjárfestingar í framleiðslutækjum
- Nýtt vöruhús
- Útfluttningur
- Uppkaup og samrunar
- V1

Stafræn umbreyting

- Sterkari innviðir
- Aukin fagmennska með Sögu
- Einfaldara aðgengi og fræðsla
- Sjálfvirknivæðing ferla
- Nýting á gögnum


Starfsfólk

- Fræðsla og þjálfun
- Aukið upplýsingaflæði
- Betri samskipti
- Aukin fjölbreytileiki
- Fagmennska

Sjálfbærni

- Útrýmum sóun
- Nettólosun núll 2040
- Markvissar fjárfestingar sem styðja við sjálfbærnimarkmið
- Umhverfisvænni vörur

Framtíðarsýn



Áhrif og árangur

Umfang 1	426 tonn CO ₂ ígildi
Umfang 2	210 tonn CO ₂ ígildi
Umfang 3	17.376 tonn CO ₂ ígildi
Losunarkræfni tekna	394 tonn CO ₂ ígildi/milljón
Flokkunarhlutfall úrgangs	91,6%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	98,5%
Endurvinnsla kaffihylkja	10.612 kg.
Heildar orkunotkun	27.464.598 kWst
Félagsþættir	Hlutfall starfsánægju 87,2%

Lykilþættir sjálfbærnisstefnu Ölgerðarinnar



Fjölbreytileiki



Sjálfbær vöxtur



Hringrásarhagkerfi



Kolefnishlutleysi

Samstarfsaðilar

Við hjá Ölgerðinni eigum í samstarfi við fjölda aðila í sjálfbærni-vegferð okkar. Má þar nefna Festu, UN Global Compact og þátttöku í verkefnum á borð við Heimsmarkmiðin og Science Based Targets (SBTi). Við teljum mikilvægt að vinna með framsæknum aðilum og vera vakandi yfir þeim breytingum sem eiga sér stað



Stoltur aðili Festu

Ölgerðin tók þátt í Loftslagsyfirlýsingum Festu og Reykjavíkurborgar árið 2015 ásamt yfir 100 öðrum fyrirtækjum. Verkefnið fólst í því að vinna markvisst í loftslagsmálum og hefur kolefnisspor frá eigin rekstri (umfang 1 og 2) minnkað um 80% á þeim tíma. Í september 2023 funduðu Ölgerðin og stjórnendur þeirra fyrirtækja hérlandis sem hafa skuldbundið sig að aðlaga kolefnissfótspor sitt að Parísarsáttmálanum með því að setja sér markmið um samdrátt í losun samkvæmt Science Based Targets initiative (SBTi). Verkefnið hefur burði til að marka tímamót í áhrifamiklum aðgerðum á sviði loftslagsmála í íslensku atvinnulífi. Verkefnið leiðir einstakur hópur sérfræðinga og forstjóra og miðar það að mikilvægi leiðtoga á þessu sviði, markvissri fræðslu og upplýsingagjöf um árangur og aðgerðir. Ölgerðin er ein af kjölfestum Festu árið 2024.



The Global Compact

UN Global Compact (UNGC) er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og atvinnulífs um ábyrga starfshætti þar sem fyrirtæki og stofnanir eru hvött til góðra verka í þágu samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi. Um 25 þúsund fyrirtæki eru aðilar að UN Global Compact á heimsvísu. Íslensk fyrirtæki, sem eru virkir þátttakendur, eru 28 talsins og er Ölgerðin þar á meðal. Tilgangur staðarnets UN Global Compact á Íslandi er að stuðla að markvissri samvinnu samtakanna við íslenskt atvinnulíf og hraða þannig þróun í sjálfbærni. Með þátttöku í Global Compact skuldbinda fyrirtæki sig til þess að innleiða hin tíu meginmarkmið sáttmálans í starfsemi sína. Þannig eru fyrirtæki ekki aðeins að halda uppi grunnskyldum sínum gagnvart fólki og umhverfi, heldur einnig að skapa verðmæti fyrir atvinnulífið og samfélagið ásamt því að leggja grunn að árangri til lengri tíma.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
















Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016 – 2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Við hjá Ölgerðinni höfum Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í sjálfbærnistefnunni.



Science Based Targets

Science Based Targets (SBTi) er leiðarvísir fyrir fyrirtæki til að ná fram loftslagsmarkmiðum og koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar loftslagsbreytinga. SBTi er leiðarvísir fyrirtækja í átt að kolefnishlutleysi (e. Net Zero), ýtir undir nýsköpun og sjálfbæran vöxt með því að gefa fyrirtækjum verkfæri til að setja metnaðarfull og vísindalega samþykkt sjálfbærnimarkmið. Við hjá Ölgerðinni höfum sett okkur metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalega samþykktum hætti og miðum að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C til 2030 og ná fram kolefnishlutleysi árið 2040.





Markmið Ölgerðarinnar

Markmið 2024	Árangur ársins	
Starfsánægja yfir 85%		Starfsánægja var 87,2%
Hringrásarhagkerfisverkefni		Rúm 10 tonn af kaffihylkjum endurunnin og 257 tonn seld í gegnum tilboðssíðu Danól meðal annars
Auka úrval hollari valkosta í drykkjavöru		40% minna sykurmagn á hvern seldan lítra af framleiðsluvöru miðað við árið 2020
Núll slys		Vinnuslysaföldni 3,9% sem hlutfall af heildarfjölda starfsfólks
Sólarsellur		Farið var í undirbúningsvinnu og verkefni frestað þar til frekari ákvörðun liggur fyrir
Sjálfbærnifræðsla fyrir allt starfsfólk		Fræðsla miðuð að hlutverkum starfsfólks samkvæmt þörf og eðli verkefna
Mikilvægisgreining samkvæmt CSRD tilskipun		Tvíátta mikilvægisgreining var framkvæmd á árinu
Meira endurunnið efni í flöskum		50% rPET í plastflöskum og 100% endurunnið plast í filmu utan um flöskur sem áður var 50% endurunnið
Bæta aðgengi að byggingu fyrir allt starfsfólk og alla gesti		Verkefnið var ekki framkvæmt á árinu og unnið að því að finna lausn
Losunarkræfni tekna dragist saman um 2% milli ára		Losunarkræfni tekna í umfangi 1 og 2 lækkar um 59% á milli ára
Ítarlegt birgjamatsferli		Nýtt birgjamatskerfi var innleitt fyrir Ölgerðina og hafa allir birgjar verið metnir út frá áhættu
Kolefnisspor í vefverslun		Verkefnið var ekki framkvæmt á árinu
Skógrækt - vottaðar kolefniseiningar		Skógræktarsamstarf formlega hafið með undirritun samnings við Skógræktarfélag Reykjavíkur
Sjálfbærniuppgjör samkvæmt ESRS		Skýrslan byggir á nálgun ESRS og endurspeglar fyrsta áfanga í átt að fullri samræmingu sjálfbærniuppgjöri við evrópska staðla
Betri loftgæði með nýrri loftræsingu í framleiðslusölum		Farið var í undirbúningsvinnu á árinu og haldið áfram með verkefnið árið 2025




Markmið 2025	
Starfsánægja	Yfir 85%
Núll slysaefna	0 slys
Losunarkræfni tekna	Losunarkræfni tekna fyrir umfang 1 og 2 dragist saman um 2% á milli ára
Umbætur	500 loknar umbætur
Orkusamsetning	95% endurnýjanlegir orkugjafar
ISO14001	Innleiða ISO14001
Rafvæðing bílaflota	Bílafloti 68% rafmagnsbílar
UFS-mat Reitunnar	Viðhalda A-einkunn hjá Reitun
Meira endurunnið efni í umbúðum framleiðsluvara	100% rPET
Kolefnisspor í vefverslun	Birta kolefnisspor umbúða í vefverslun
Birgjamat	Innleiða ítarlegt birgjamatsferli fyrir Danól
Hringrásarhagkerfisverkefni	Til dæmis hrat úr framleiðslu, endurvinnsla kaffihylkja og verkefni tengd minni matarsóun
Hollari valkostir	Auka úrval hollari valkosta í drykkjavöru
Sjálfbærnifræðsla	Sjálfbærnifræðsla fyrir allt starfsfólk í Ölgerðarskólanum
Betri loftgæði með nýrri loftræsingu í framleiðslusölum	Uppsetning á nýjum loftræsibúnaði í framleiðslusölum
Sjálfbærniupplýsingagjöf	Sjálfbærnireikningsskil birt í samræmi við evrópska staðla
Tilkynningargátt fyrir ytri aðila	Tilkynningargátt opin ytri aðilum til að tilkynna misferli eða brot
Skógrækt - vottaðar kolefniseiningar	Skipulag og undirbúningur gróðursetningar í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur

Markmið Ölgerðarinnar til 2030

Flokkur		Markmið og mælikvarði		Árangur 2024		2024	2023	2022
<div>8</div> <div>GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR</div> <div></div> <div>Sjálfbær vöxtur</div>	Losunarkræfni tekna í eigin rekstri (umfang 1 og 2)	-63% miðað við árið 2020	Losunarkræfni umfang 1 og 2 (kg CO ₂ /milljón)	-63% miðað við 2020		13,89	34,01	34,42
	Hollari valkostir	-50% miðað við árið 2020	Sykurmagn (g) á hvern seldan lítra af framleiðsluvöru	-40% miðað við árið 2020		18	21	25
<div>5</div> <div>JAFNRÉTTI KYNJANNA</div> <div></div> <div>Fjölbreyti-leiki</div>	Hlutfall kynja	Aldrei hærra hlutfall en 60% af einu kyni	Leiðtogahlutverk og hópar til ársins 2030 (hlutfall)	60% karlar og 40% konur	Karlar	60%	60%	66%
					Konur	40%	40%	34%
					Kvár (Kynskráning kynsegin/annað)	-	-	-
					Ekki tilgreint	-	-	-
					Karlar	75%	78%	78%
					Konur	25%	22%	22%
<div>12</div> <div>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</div> <div></div> <div>Hringrásar-hagkerfi</div>	Úrgangur frá starfsemi	99% flokkunarhlutfall	Flokkaður úrgangur (hlutfall) Endurunninn úrgangur (hlutfall)	91,6% flokkaður úrgangur 98,5% endurunninn úrgangur		91,6%	92,7%	90,4%
	Pakkningar fyrir eigin framleiðslu	60% endurnýtt hráefni	Hlutfall af endurnýttu hráefni	Ölgerðin er með margskonar umbúðir en ef horft er til plasts þá er 50% rPET í plastflöskum og 100% endurunnið plast í filmu fyrir endurunnið plast í filmu fyrir ytri umbúðir		50% rPET	50% rPET	50% rPET
<div>13</div> <div>ADGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM</div> <div></div> <div>Kolefnis-hlutleysi</div>	Orkunotkun	100% endurnýjanleg orka í starfsemi	Orkusamsetning (hlutfall)	8% hærra hlutfalli miðað við árið 2020		94%	89%	85%
	Kolefnisspor í eigin rekstri (umfang 1 og 2)	-42% miðað við árið 2020	Umfang 1 (tonn CO ₂) Umfang 2 (tonn CO ₂) Umfang 1 og 2 (tonn CO ₂)	-57% miðað við árið 2020		426	1.307	1.108
						209	237	215
						635	1.543	1.323
	Kolefnisspor framleiðsluvara	-25% miðað við 2020	Framleiðsluvörur Ölgerðarinnar (tonn CO ₂)	Nákvæmar mælingar á kolefnisspori framleiðsluvara eru ekki tiltækar enn, en hráefni og umbúðir telja 9.396 tCO ₂ í umfangi 3 árið 2024		9.396	8.825	8.111
	Útreikningar á losun í aðfangakeðju	Bæta útreikninga og minnka umfang 3	Umfang 3 (tonn CO ₂)	Útreikningar á keyptum farartækjum í flokk 2 (fastafjármunir) og á hýsingu keyptrar vöru í flokk 4 (aðkeyptur flutningur og dreifing) hefur verið bætt við	Losun í umfangi 3 flokkur 1 (Aðkeypt vara og þjónusta)			
					Heildarlosun í umfangi 3	17.376	16.101	14.928

Sjálfbærnivegferð

Á 100 ára afmæli Ölgerðarinnar árið 2013 setti fyrirtækið sér 100 markmið til framtíðar og hefur síðan þá unnið markvisst að sjálfbærnistarfi. Ölgerðin er aðili að UN Global Compact og hefur sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Ölgerðin hefur fengið markmiðið staðfest af Science Based Targets initiative (SBTi). Mikil áhersla er m.a. á ábyrga auðlindanýtingu, orkusparandi verkefni og minnkun kolefnisspors í starfsemi Ölgerðarinnar og dótturfélaga.




Umbætur

Það má með sanni segja að umbótahugsun sé rótgróin í menningu Ölgerðarinnar en allt starfsfólk fyrirtækisins vinnur stöðugt að umbótum og eru þær grunnurinn að því sem við gerum. Við erum sífellt að finna leiðir til að gera hlutina betur í dag en í gær en hvert umbótaverkefni minnkar sóun í fyrirtækinu og er því beintengt við sjálfbærni.

Allt starfsfólk fyrirtækisins hefur tækifæri til að leggja fram hugmyndir að umbótum og er tekið vel á móti öllum hugmyndum. Opið mælaborð er á innri vef fyrirtækisins þar allar umbætur sem við höfum lokið við eru gerðar sýnilegar. Innan fyrirtækisins eru nokkrir umbótahópar sem taka á móti hugmyndunum að umbótum eftir sviðum og vinna úr þeim. Mánaðarlega eru umbætur,

Fjöldi lokinna umbótaverkefna milli ára



sem lokið hefur verið við, gerðar upp þar sem þær umbætur sem þóttu athyglisverðastar í hverjum mánuði fyrir sig eru kynntar á opnum umbótafundi fyrir starfsfólk. Starfsfólk getur svo kosið þá umbót sem því finnst standa upp úr og eru verðlaun veitt fyrir „umbót mánaðarins“.

Árið 2024 var lokið við 379 umbætur í fyrirtækinu. Hægt er að fylgjast með flokkun á tegund umbóta og getum við því sérstaklega fylgst með umbótum sem tengjast ákveðnum áherslum, líkt og sjálfbærni eða fjölbreytileika. Þetta er mikilvægt til að hafa yfirsýn yfir þær tegundir umbóta sem koma frá starfsfólki og koma auga á hvar gæti vantað hvatningu til umbótaverkefna.



Sjálfbærni er okkar fyrsta val

Markmið Ölgerðarinnar er að sjálfbærni sé samofið menningu fyrirtækisins og að upplýsingar um framgang sjálfbærni verði jafn aðgengilegar og fjárhagsupplýsingar félagsins. Fyrir utan augljóslega hagsmuni umhverfis og samfélags, er það trú félagsins að áhersla á sjálfbærni dragi ennfremur úr áhættu í rekstri þess og styrki fjárhagslega arðsemi til framtíðar. Við viljum vera fyrsta val okkar hagsmunaaðila og sjálfbærni er okkar fyrsta val. Markmið sjálfbærniskýrslu Ölgerðarinnar er að upplýsa hagsmunaaðila um helstu áhrif, áhættur og tækifæri félagsins á sviði sjálfbærni.

Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD) og tengdir staðlar European Sustainability Reporting Standards (ESRS) marka stórt skref í átt að samræmdri og gagnsærri sjálfbærnis-skýrslugerð í Evrópu. Reglugerðin hefur ekki enn verið innleidd á Íslandi og á sama tíma er framtíðarþróun sjálfbærniupplýsingagjafar óljós. Ölgerðin fylgist grannt með framvindu sjálfbærni-regluverks sem tengist starfsemi félagsins.

Tvíátta mikilvægisgreining er fyrsta skrefið í átt að því að uppfylla kröfur CSRD og ESRS um sjálfbærniupplýsingagjöf. Með grein-

ingunni er lagður grunnur að markvissri skýrslugerð og ítarlegri innsýn í starfsemi félagsins. Á árinu 2024 framkvæmdi Ölgerðin tvíátta greiningu á mikilvægi þar sem kortlögð voru helstu áhrif, áhættur og tækifæri í rekstri og virðiskeðju. Greiningin tók til bæði beinna og óbeinna áhrifa, þar sem metnir voru sjálfbærni- og fjárhagslegir þættir út frá umfangi, líkum og mögulegum afleiðingum.

Félagið mun nýta niðurstöður tvíátta mikilvægisgreiningar áfram til að styðja við stefnumótun, ákvarðanatöku og daglegan rekstur. Greiningin hjálpar einnig til við að varpa skýrara ljósi á helstu áhrif, áhættur og tækifæri sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun félagsins.

Sjálfbærniskýrsla Ölgerðarinnar byggir á UFS leiðbeiningum Nasdaq auk þess sem útreikningur loftlagsáhrifa er gerður í samræmi við Greenhouse Gas Protocol. Skýrslan endurspeglar fyrstu skref félagsins í að laga sjálfbærniupplýsingagjöf að ESRS staðlinum en uppfyllir hann ekki að fullu. Í sjálfbærniuppgjöri er vísað í tilheyrandi GRI Standard (e. Global Reporting

Initiative, GRI100-400), meginviðmiða (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC) og þar sem við á European Sustainability Reporting Standards (ESRS). Á árinu 2024 keypti Ölgerðin fasteign við Köllunarklettsveg sem hafði lítilleg áhrif á losun í umfangi 1 og 2.

Sjálfbærniuppgjör Ölgerðarinnar fyrir árið 2024 er staðfest af PwC með takmarkaðri vissu. Ekki er um lagalaga kröfu að ræða en með þessu er áreiðanleiki gagna Ölgerðarinnar tekinn út og staðfestur, sem og upplýsingar sem tengjast frammistöðu félagsins á sviðum sjálfbærni. Sjálfbærniuppgjörið miðast við dagatalsárið, en rekstrarlegir þættir og sjálfbærniskýrslan í heild sinni taka mið af fjárhagsári félagsins.

Yfirlit yfir flokkunarhæfa starfsemi samstæðu Ölgerðarinnar samkvæmt Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy). [Frekari upplýsingar um Flokkunarreglugerðina má finna í ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024 hér.](#)


Starfsemi Ölgerðarinnar

Ölgerðin og dótturfélög framleiða, flytja inn og út, dreifa og selja drykkjarvörur, matvæli og ýmsar sérvörur. Sjálfbærni tengist rekstrinum á margvíslegan hátt enda er starfsemin afar fjölbreytt. Um 53% af framlegð samstæðunnar er vegna sölu á eigin vörumerkjum Ölgerðarinnar. Þar er hægt að hafa áhrif á alla virðiskeðjuna og má þar nefna vöruþróun, umbúðaval, endurvinnslu o.fl. Um það bil 15% af framlegðinni er framleiðsla og sala á vörum á grundvelli sérleyfissamninga þar sem framleiðsla Ölgerðarinnar er hluti af sjálfbærnimarkmiðum stórra birgja. Um 32% af framlegðinni eru innfluttar vörur og þar er mikilvægt að eiga í góðu samstarfi við birgja. Þar er hægt að hafa áhrif á þær vörur sem settar eru á markað, enda hefur aukning orðið í heilsusamlegri og umhverfisvænni vörum í vöruúrvali.

Stjórnun og eftirfylgni sjálfbærni

Ölgerðin hefur skilgreint markmið og aðgerðir til þess að tryggja að sjálfbærnistefnu félagsins sé framfylgt. Stjórn félagsins samþykkir stefnuna en ábyrgðaraðili hennar er forstjóri Ölgerðarinnar. Sjálfbærnihópur Ölgerðarinnar tryggir að stefnunni sé fylgt eftir, aðgerðaáætlun sé innleidd og að regluleg endurskoðun fari fram. Leiðtogi sjálfbærni og umbóta hefur umsjón með framkvæmd stefnunnar. Reglulega er fylgst með mælingum er tengjast sjálfbærni og árlega er gefin út sjálfbærniskýrsla sem er aðgengileg öllum hagaðilum, þar sem gert er grein fyrir framvindu mála. Ófjárhagslegar upplýsingar eru hluti af ársreikningi félagsins, til umfjöllunar hjá endurskoðunarnefnd Ölgerðarinnar og samþykktar af stjórn.

Skipurit Ölgerðarinnar



Sjálfbærnistefna

Núverandi sjálfbærnistefna Ölgerðarinnar tók gildi árið 2021 og er endurskoðuð árlega. Stjórnendur Ölgerðarinnar unnu að stefnunni og voru vinnustofur haldnar til að greina þá áhersluflokka sem taldir voru mikilvægastir. Til hliðsjónar við gerð stefnunnar voru þau heimsmarkmið valin sem talið var að Ölgerðin gæti haft mest áhrif á. Heimsmarkmiðin sem um ræðir eru jafnrétti kynjanna (markmið númer 5), góð atvinna og hagvöxtur (markmið númer 8), ábyrg neysla og framleiðsla (markmið númer 12) og aðgerðir í loftslagsmálum (markmið númer 13). Fjórir yfirflokkar urðu að lokum fyrir valinu sem ríma við framtíðarsýn fyrirtækisins um fyrsta val og stefnu Ölgerðarinnar til 2027. Flokkarnir eru: Sjálfbær vöxtur, fjölbreytileiki, hringrásarhagkerfi og kolefnishlutleysi. Samhliða sjálfbærnistefnunni voru sett mælanleg markmið og er þeim fylgt eftir með sjálfbærnimælaborði fyrir stjórnendur og starfsfólk. Mælikvarðarnir í mælaborðinu voru settir upp út frá sjálfbærnistefnunni og eru gerðir upp mánaðarlega. Í hverjum flokki fyrir sig er unnið að umbótaverkefnum og stærri verkefnum þar sem árangur er mældur reglulega.



Tvíátta mikilvægisgreining


Stefnt er að því að samstæða Ölgerðarinnar birti sjálfbærnireikningsskil sín fyrir árið 2025 í samræmi við evrópska staðla um sjálfbærnireikningsskil, ESRS. Í ESRS er sett fram krafa um mat á tvíátta mikilvægi (e. double materiality) sjálfbærnimála. Mat á mikilvægi samkvæmt ESRS er tvíátta og skiptist í mat á mikilvægum áhrifum félagsins út á við (e. impact materiality) og fjárhagslegt mikilvægi (e. financial materiality) sem felur í sér áhættur og tækfæri fyrir félagið sjálft.

Tvíátta mikilvægisgreining var framkvæmd árið 2024 en hún greinir áhrif, áhættur og tækifæri í rekstri, framleiðslu og virðiskeðju Ölgerðarinnar. Áhrif, áhættur og tækifæri voru kortlögð og greind, bæði bein áhrif og óbein áhrif. Áhrif á sjálfbærniþætti (e. impact) voru metin út frá skala áhrifa (e. scale of impact), umfang áhrifa (e. scope of impact), óafturkræfanleika áhrifa (e. impact irremediability) og líkum á áhrifum (e. likelihood of impact). Fjárhagsleg áhrif voru metin út frá mögulegri stærð (e. potential magnitude) og líkum (e. likelihood). Hver þáttur var metinn á kvarða frá 1 til 5. Fyrir hvert umfjöllunarefni voru skilgreindir matsþættir og sett skýr viðmið fyrir hvert stig kvarðans, sem þurfti að uppfylla til að fá tiltekna einkunn.

Hagaðilar Ölgerðarinnar eru skilgreindir út frá framtíðarsýn félagsins um að vera fyrsta val. Félagið ætlar að vera fyrsta val viðskiptavina, neytenda, starfsfólks, birgja, fjárfesta og samfélagsins. Út frá því hafa verið skilgreindir innri og ytri hagaðilar. Innri hagaðilar eru: framkvæmdastjórn, aðrir stjórnendur innan félagsins, starfsfólk og stjórn. Ytri hagaðilar eru: viðskiptavinir, birgjar og samstarfsaðilar, neytendur, hluthafar og lánveitendur og samfélagið. Upplýsingum var ýmist safnað í formi viðtala, vinnuhópa, rýnihópa eða kannana.

Félagið mun halda áfram að vinna með niðurstöður tvíátta mikilvægisgreiningar til að samþætta þá þætti í stefnu félagsins, daglega starfsemi og ákvörðunartöku. Slík greining tryggir einnig að félagið veiti heildstæða og gagnsæja innsýn í þau áhrif, áhættur og tækifæri sem tengjast umhverfis-, félags- og stjórnarþáttum sem skipta máli fyrir félagið til framtíðar.

Nánari upplýsingar um niðurstöður tvíátta mikilvægisgreiningar má sjá hér á eftir, en töflurnar eru settar upp í samræmi við ákvæði núverandi staðla Evrópusambandsins (ESRS).



Umhverfispættir

- 1 Loftslagsbreytingar
- 2 Umbúðir og hráefni
- 3 Orka
- 4 Vatnsmengun og skaðleg efni
- 5 Vatnsnotkun og fráveita
- 6 Líffræðilegur fjölbreytileiki
- 7 Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi

Félagsþættir

- 8 Velliðan og færniþróun starfsfólks
- 9 Heilsa og öryggi
- 10 Fjölbreytileiki
- 11 Mannréttindi í virðiskeðju
- 12 Heilsa og öryggi neytenda
- 13 Ábyrgir markaðshættir

Stjórnarhættir


- 14 Viðskiptasiðferði og fyrirtækjamenning

Mikilvægisþættir samstæðu Ölgerðarinnar

	Staðall	Flokkur (mælikvarðar)	Áhrif á samfélag (impact)	Fjárhagsáhrif (finance)	Virðiskeðjan
Loftslagsbreytingar	ESRS - E1 Climate change adaptation - Physical risks	Water-related hazards	High (Material)	Moderate	Upstream & Direct operations
		Climate-Related Policy and Legal Transition	High (Material)	High (Material)	Upstream, direct operations & downstream
		Climate-Related Technology Transition	High (Material)	High (Material)	Upstream, direct operations & downstream
	ESRS - E1 Climate change adaptation - Transition risks	Climate-Related Market Transition	High (Material)	High (Material)	Upstream, direct operations & downstream
		Industrial processes	High (Material)	High (Material)	Direct operations
		Category 4: Upstream transportation and distribution	High (Material)	High (Material)	Upstream
	ESRS - E1 Climate change mitigation	Category 5: Waste from operations	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Category 9: Downstream transportation and distribution	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Fugitive emissions	High (Material)	Moderate	Direct operations
		Category 2: Capital goods	High (Material)	Moderate	Upstream & Downstream
		Category 12: End-of-life treatment of sold products	High (Material)	Moderate	Downstream
Umbúðir og hráefni	ESRS - E1 Climate change mitigation	Category 1: Purchased goods and services	Very high (Material)	High (Material)	Upstream
	ESRS - E1 Climate change mitigation	Mobile fuel consumption	Moderate	High (Material)	Direct operations
Orka	ESRS - E1 Climate change mitigation	Electricity consumption	Moderate	High (Material)	Direct operations
		Pollution of water	High (Material)	High (Material)	Upstream & Direct operations
Vatnsmengun og skaðleg efni	ESRS - E2 Pollution	Microplastics	Moderate	High (Material)	Upstream, direct operations & downstream
		Substance of concern	High (Material)	Moderate	Upstream & Direct operations
		Substances of very high concern	High (Material)	Moderate	Upstream & Direct operations
		Water withdrawals	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
Vatnsnotkun og fráveita	ESRS - E3 Water and Marine resources	Water consumption	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Water discharges in water bodies and in the oceans	High (Material)	High (Material)	Upstream, direct operations & downstream

	Staðall	Flokkur (mælikvarðar)	Áhrif á samfélag (impact)	Fjárhagsáhrif (finance)	Virðiskeðjan
Líffræðilegur fjölbreytileiki	ESRS - E4 Biodiversity and Ecosystems	Direct impact drivers of biodiversity loss - Climate Change	High (Material)	Moderate	Upstream & Downstream
		Land-use change, freshwater-use change and sea-use change	High (Material)	Moderate	Upstream
		Land degradation	High (Material)	Moderate	Upstream & Downstream
Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi	ESRS - E5 Circular Economy	Resources inflows, including resource use	High (Material)	High (Material)	Upstream
		Resource outflows related to products and materials	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Waste	High (Material)	High (Material)	Direct operations & downstream
Velliðan og færniþróun starfsfólks	ESRS - S1 Own Workforce	Work-life balance	High (Material)	High (Material)	Direct operations
		Training and skills development	High (Material)	High (Material)	Direct operations
		Privacy	High (Material)	High (Material)	Direct operations
Heilsa og öryggi		Health and safety	High (Material)	Moderate	Direct operations
Fjölbreytileiki		Gender equality and equal pay for work of equal value	High (Material)	Moderate	Direct operations
		Diversity	High (Material)	Moderate	Direct operations
		Working time	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
Mannréttindi í virðiskeðju	ESRS - S2 Workers in the Value chain	Adequate wages	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Freedom of association	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Principle of equal treatment	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Measures against violence and harassment in the workplace	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Diversity	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Child labour	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Forced labour	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Adequate housing	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Collective bargaining	High (Material)	Moderate	Upstream & Downstream
		Health and safety	High (Material)	Moderate	Upstream & Downstream
Heilsa og öryggi neytenda		Water and sanitation	High (Material)	Moderate	Upstream & Downstream
		Health and safety	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Protection of children	High (Material)	Moderate	Downstream
Ábyrgir markaðshættir	ESRS - S4 Consumers and Endusers	Responsible marketing practises	High (Material)	Moderate	Downstream
		Corporate culture	High (Material)	High (Material)	Direct operations
Viðskiptasiðferði og fyrirtækjamenning	ESRS - G1 Business conduct	Animal welfare	High (Material)	Low	Upstream
		Management of relationships with suppliers including payment practices	High (Material)	Moderate	Downstream

Tvíátta mikilvægisgreining samstæðu Ölgerðarinnar og áhrif á virðiskeðju



2.

Umhverfispættir

Loftslagsbreytingar 18
Science Based Target (SBTi) 19
Kolefnishlutleysi 2040 20
Losunarkræfni tekna 20
Kolefnisspor Ölgerðarinnar 21
Niðurbrot á kolefnisspori eftir árum 22
Kolefnisspor Ölgerðarinnar 2024 23
Orka og orkunotkun í starfsemi 24
Betri orkunýting 24
Rafvæðing bílaflotans 25
Rafvæðing í framleiðslu 25
Umbúðir og hráefni 26
Endurbætur á umbúðum og framleiðsluferlum 26
Vatnsnotkun og líffræðilegur fjölbreytileiki 27
Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi 28
Flokkunarhlutfall 28
Endurvinnsla umbúða 29
Kaffihylki.is 29
Dregið úr matarsóun í vefverslun 29

Ölgerðin gerir sér grein fyrir áhrifum starfsemi samstæðunnar á loftslagið og lítur á sjálfbærni sem lykilþátt í langtímaárangri félagsins. Ölgerðin vinnur markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Með stöðugum umbótum í rekstri leitast Ölgerðin við að lágmarka kolefnisspor sitt. Ölgerðin vinnur eftir viðmiðum Global Compact og skilar árlega inn framvinduskýrslu. Ölgerðin tekur þátt í því að ná loftslagsmarkmiðum Íslands um 40% minnkun kolefnisspors til 2030.

Loftslagsbreytingar

Ölgerðin hefur sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Aðferðafræðin byggir á Science Based Targets (SBTi) þar sem unnið er að því að draga úr kolefnislosun í allri virðiskeðjunni og það sem stendur eftir er svo bundið með vottuðum kolefniseiningum.

Ölgerðin hefur skrifað undir samning við Skógræktarfélag Reykjavíkur um skógrækt á hluta af jörð Skógræktarfélagsins í Lundarreykjadal og er framkvæmdarleyfi í höfn. 400.000 trjáplöntur verða gróðursettar á næstu fimm árum. Samkvæmt samningum eignast Ölgerðin megnið af þeim kolefniseiningum sem til verða. Skógræktarfélag Reykjavíkur eignast skóginn sem verður útivistarskógur, opin almenningi.

Loftslagstengd áhætta og tækifæri

Ölgerðin hefur greint helstu loftslagstengdar áhættur og tækifæri er varða rekstur félagsins. Áhætta félagsins í loftlagsmálum er að mestu leyti tengd nýjum lögum og reglugerðum, það er ef einhverjar vörur verða ekki leyfðar eða há losunargjöld og háir mengunarskattar verða lagðir á. Einnig geta breytt viðhorf neytenda orðið að áhættu og þarf félagið að fylgjast með breyttum þörfum þeirra, t.d. hvað varðar sjálfbærar umbúðir. Á sama tíma geta mengunarmál valdið rekstraráhættu fyrir félagið. Nánari umfjöllun um loftslagstengda áhættu og tækifæri er að finna á heimasíðu Ölgerðarinnar.






Science Based Target (SBTi)

Ölgerðin hefur sett sér metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalega samþykktum hætti og miða að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Targets initiative (SBTi)). [Hægt er að skoða fyrirtæki sem vinna eftir þessum viðmiðum og hafa fengið það staðfest hér.](#)


Ölgerðin hefur skuldbundið sig til að draga úr losun um 42% í umfangi 1 og 2 miðað við 2020 sem kemur til viðbótar þeim góða árangri sem þegar hafði náðst. Árið 2024 var samdráttur í umfangi 1 og 2 sem um nemur 57% miðað við viðmiðunarárið 2020. Ölgerðin hefur því náð markmiði sínu um að draga úr losun í eigin starfsemi og staðfestir árangurinn mikilvægt skref í sjálfbærnivegferð samstæðunnar.

Auk þess ætlar félagið að ná enn betur utan um óbeina losun (umfang 3) og draga úr losun eftir fremsta megni. Umfang 3 er sú losun sem á sér stað í virðiskeðjunni okkar, bæði aðstreymi (t.d. vegna framleiðslu á hráefnum og þjónustu sem við kaupum) og frástreymi (t.d. endurvinnsla á umbúðum). Þetta er yfirleitt stærsti hluti kolefnisspors fyrirtækja og jafnframt sá flóknasti að mæla og að hafa áhrif á. Fyrir útreikninga á umfangi 3 vegna ársins 2024 var bætt við losun vegna keyptrar farartækja (umfang 3.2 fastafjármunir) og hýsingu á keyptri vöru (umfang 3.4 aðkeyptur flutningur og dreifing) sem gerir okkur kleift að fá nákvæmari mynd af heildarlosun okkar. Það er mikilvægt að undirstrika að erfitt er að minnka það sem ekki er mælt – því er þetta stórt og mikilvægt skref í átt að því að skilja virðiskeðjuna okkar betur. Að ná utan um umfang 3 er stórt verkefni, en við hlökkum til að gera enn betur Með betri yfirsýn yfir virðiskeðjuna okkar getum við betur greint tækifæri til úrbóta, átt markviss samtöl við birgja og valið vistvænni leiðir þar sem þess er kostur.



Nettó losun núll 2040

Kolefnislosun í umfangi 1 og 2. Tonn CO₂ígildi – með markaðsaðgerðum



Kolefnishlutleysi 2040


Við hjá Ölgerðinni stefnum að því að fyrirtækið verði kolefnishlutlaust árið 2040 (e. Net-Zero 2040). Fyrirtækið mun minnka losun gróðurhúsalofttegunda eins mikið og unnt er og binda það sem eftir stendur með vottuðum kolefniseiningum. Þessu markmiði verður m.a. náð með orkuskiptum og með því að bæta ferla fyrirtækisins út frá hringrásarhagkerfinu, frá hráefnum og umbúðum til endurvinnslu, af fullum krafti.

Kolefnisspor reksturs 80% minna

Ölgerðin hefur minnkað kolefnisspor reksturs (umfang 1 og 2) um 80% frá 2016 til 2024 á sama tíma og velta félagsins hefur aukist. Ölgerðin hefur sett sér SBTi markmið um 42% minna kolefnisspor frá umfangi 1 og 2 árið 2030 samanborið við 2020. Ef horft er til viðmiðunarársins 2020 þá hefur losun í umfangi

Losunarkræfni tekna

Umfang 1, 2 og 3 kgCO₂í/milljón



1 og 2 minnkað um 57% miðað við 2024. Því markmiði hefur þegar verið náð.


Losunarkræfni tekna

Markmiðið er að draga úr kolefnisspori vara Ölgerðarinnar. Til að setja kolefnissporið í samhengi notum við losunarkræfni tekna sem mælikvarða. Þessi mælikvarði gefur okkur innsýn í hversu kolefnispungur rekstur fyrirtækisins er, óháð stærð, og hjálpar við að bera saman frammistöðu yfir tíma og milli fyrirtækja í sama geira.

Ölgerðin mælir losunarkræfni tekna út frá beinni og óbeinni losun og leitast við að bæta þessa nýtingu með því að draga úr orkunotkun, hagræða í framleiðslu og nýta vistvænni orkugjafa.

Losunarkræfni tekna samstæða

KgCO₂í/milljón fyrir umfang 1 og 2



Árangur er metinn árlega og notaður til að styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu um minnkun kolefnisspors.


Hér má sjá losunarkræfni tekna fyrir umfang 1, 2 og 3. Losunarkræfni tekna er sýnd bæði með og án viðbótarútreikninga til að tryggja samanburðarhæfni milli ára.

Ölgerðin hefur sett sér markmið í sjálfbærnistefnu félagsins um að losunarkræfni tekna fyrir umfang 1 og 2 sé 63% minna en viðmiðunarárið 2020. Losunarkræfni tekna Ölgerðarinnar var 37,97 kg CO₂ígildi/milljón viðmiðunarárið 2020. Árið 2024 er losunarkræfni tekna fyrir umfang 1 og 2 13,89 kg CO₂ígildi/milljón. Samdrátturinn er því 63% á milli ára og hefur því markmiði verið náð.

Kolefnisspor Ölgerðarinnar

Hér á gröfunum má sjá hvernig losunin skiptist og svo heildarlosun í umfangi 1, 2 og 3. Umfang 1 vísar til losunar sem á sér stað við eigin starfsemi, þá vegna eldsneytisnotkunar og lekalosunar. Umfang 2 nær yfir óbeina losun sem tengist rafmagns- og orku-notkun. Umfang 3 er svo óbein losun sem tengist virðiskeðjunni. Minnkun á kolefnisspori eigin reksturs (umfang 1 og 2) endurspeglar markvissar aðgerðir sem var gripið til árið 2023 sem og óvænt frávik sem ýttu undir losun það ár. Þar má nefna leka í kælikerfi við Grjótháls árið 2023, en slíkt hefur ekki átt sér stað árið 2024. Einnig var varagufuketill sem gekk fyrir olíu í notkun árið 2023, en honum var skipt út og hefur engin losun orðið frá honum frá og með júní 2023, sem skýrir stóran hluta samdráttar í losun á milli ársins 2023 og 2024. Lekalosun í umfangi 1 árið 2024 er 24 kg af CO₂ sem tekur mið af kælikerfi við Köllunarklettsveg 6 sem námundast í 0 tonn CO₂ í losunarbókhaldi samstæðunnar. Ekki hefur verið fyllt á kælikerfin við Grjótháls

Umfang 1 tCO₂í





frá árinu 2022. Losun í umfangi 2 lækkar um 27 tonn CO₂í á milli ára og skýrist með uppfærðum losunarstuðlum frá Umhverfisstofnun, útgefið í ágúst 2024.

Ölgerðin hefur sett sér markmið að ná betur utan um óbeina losun í umfangi 3 og draga úr losun eftir fremsta megni. Fyrir árið 2024 var bætt við útreikningum á keyptum farartækjum sem falla undir umfang 3.2 (fastafjármunir). Sú breyting leiddi til hækkunar sem um nemur 362 tonn CO₂í. Keypt farartæki eru ekki reiknuð afturvirk. Einnig var bætt við útreikningum á losun vegna rafmagnsnotkunar við hýsingu keyptrar vöru í umfangi 3.4 (aðkeyptur flutningur og dreifing). Þessi þáttur var reiknaður afturvirk til ársins 2023, og nam hækkunin 6,9 tonnum CO₂í árið 2024 og 7,4 tonnum CO₂í árið 2023.

Súlurit umfangs 3 sýnir losun með og án viðbótarútreikninga, þannig að auðveldara sé að bera saman gögn milli ára.

Umfang 2 tCO₂í




Umfang

- 3.1 Aðkeypt vara og þjónusta (umbúðir og helstu hráefni framleiðsluvara)
- 3.4 Aðkeyptur flutningur og dreifing
- 3.12 Lok líftíma seldrar vöru (endurvinnsla umbúða)
- 1 Eldsneytisnotkun farartækja
- 3.2 Tækjabúnaður (keypt farartæki)
- 3.7 Samgöngur starfsfólks
- 3.3 Eldsneytis- og orkutengd starfsemi
- 3.2 Tækjabúnaður (tölvur og símar)
- 2 Rafmagn
- 3.6 Viðskiptaferðir
- 2 Hitaveita
- 3.5 Úrgangur frá rekstri
- 1 Staðbundin eldsneytisnotkun (véartankur)

2024

- 52,17%
- 34,45%
- 4,63%
- 2,35%
- 1,98%
- 0,91%
- 0,81%
- 0,77%
- 0,74%
- 0,59%
- 0,42%
- 0,16%
- 0,01%


Umfang 3 tCO₂í



Niðurbrot á kolefnisspori eftir árum

Hér má sjá niðurbrot á kolefnislosun Ölgerðarinnar og breytingar á milli ára. Eins og við má búast eykst losun frá þáttum eins og umbúðum, hráefnum, aðkeyptum flutningi og endurvinnslu umbúða samhliða aukinni veltu og sölu.


Niðurbrot á umfangi



Eldsneytisnotkun farartækja hefur minnkað sem má rekja til aukinnar hlutdeildar rafbíla í eigu félagsins. Í lok árs 2024 voru rafbílar rúmlega 50% af heildarflotanum, sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda frá dreifikerfi Ölgerðarinnar.



Kolefnisspor Ölgerðarinnar 2024 Umfang 1, 2 og 3 (tonn CO₂ ígildi)



Orka og orkunotkun í starfsemi

Ölgerðin hefur sett sér markmið um að öll orka í starfsemi samstæðunnar verði endurnýjanleg árið 2030. Ölgerðin notar orku til framleiðslu, pökkunar, hýsingar, dreifingar og reksturs fasteigna. Heildarorkunotkun árið 2024 var 27.464.598 kWst.


Stærstur hluti rafmagns sem Ölgerðin notar er upprunninn frá endurnýjanlegum orkugjöfum, svo sem vatnsafl og jarðvarma sem telur fyrir 93,8% af heildarorkunotkun ársins 2024. Jarðefnaeldsneyti stendur fyrir 6,2% af heildarorkunotkun Ölgerðarinnar árið 2024. Til samanburðar var hlutfall jarðefnaeldsneytis 11,3% árið áður. Ölgerðin er með upprunavottorð frá raforkusala á Íslandi sem staðfestir að Ölgerðin hafi notað vottað rafmagn frá 100% endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2024.

Betri orkunýting

Félagið hélt áfram að bæta orkunýtingu í starfsemi sinni árið 2024 með innleiðingu markvissra tæknilausna. Með þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til hefur náðst fram árangur í betri orkunýtingu, einkum innan framleiðsluferla. Til að mynda var loftpressu fyrir blástur á plastflöskum breytt en sú breyting skilar áætluðum orkusparnaði upp á 15,1 kW við full afköst. Einnig leysti ný kútalína eldri búnað af hólmi og hefur það leitt til töluverðs samdráttar á gufuframleiðslu, sem endurspeglast í minni rafmagnsnotkun og aukinni hagkvæmni í hitunarferlum.




Eldsneytisnotkun farartækja tonn CO₂í



Rafvæðing bílaflotans

Í lok árs 2024 var hlutfall rafmagnsbíla rúmlega 50% í starfsemi Ölgerðarinnar. Til samanburðar var það hlutfall 40% í lok árs 2023. Árið 2023 tók Ölgerðin á móti fyrstu rafmagnsvöruflutningabílunum og markaði þannig tímamót í sögu orkuskipta á Íslandi. Árið 2024 var tekið á móti tveimur rafmagnsvöruflutningabílum til viðbótar sem stuðla að minni losun í dreifikerfi Ölgerðarinnar og eru því rafmagnsvöruflutningabílar nú orðnir fjórir talsins. Áætlað er að í lok árs 2025 verði 55% af rafmagnsvöruflutningabílum Ölgerðarinnar rafmagnsbílar, eða 6 af 11 bílum. Á árinu fór mikil vinna í það að tryggja þá innviði sem þurfti fyrir framtíðarraforkupörf vöruflutningabíla og var nýr spennir tekinn í notkun um mitt árið 2024. Í sumum tilfellum eru innviðir heimilanna ekki komnir jafn langt og markmið Ölgerðarinnar um orkuskipti. Síðastliðin ár hefur starfsfólki verið boðinn styrkur til uppsetningar hleðslustöðva og það fengið útlagðan kostnað vegna þessa verkefnis endurgreiddann.

Staðbundin eldsneytisnotkun tonn CO₂í



Rafvæðing í framleiðslu

Þungamiðja í bjórframleiðslu Ölgerðarinnar eru gufukatlarnir tveir. Árið 2016 var olíuketill stærsti losunarpáttur fyrirtækisins. Um mitt ár 2018 var rafmagnsketill settur í forgang og olíuketillinn nýttur sem varaafli. Árið 2023 var stigið stórt skref og fjárfest í nýjum 3MW rafmagnskatli sem kom í stað 1,5MW olíuketils. Losun ársins 2024 endurspeglar bein áhrif orkuskipta sem framkvæmd voru með fjárfestingu í nýjum rafmagnskatli. Þessi aðgerð hefur leitt til verulegrar minnkunar í losun sem fellur undir umfang 1. Hér að neðan má sjá sundurliðun á losun (tonn CO₂í-gildi) vegna olíuketils. Staðbundin eldsneytisnotkun fyrir 2024 er 2,6 tonn CO₂í-gildi sem er vegna vélartanks.



Umbúðir og hráefni

Endurbætur á umbúðum og framleiðsluferlum

Ölgerðin hefur lagt áherslu á að umbúðir félagsins séu eins umhverfisvænar og kostur er til að mæta breyttum kröfum viðskiptavina. Helstu mælikvarðar hvað varðar umhverfisvænar umbúðir eru minnkun hráefna í umbúðum, hlutfall endurnýttts hráefnis og flokkunarhlutfall.

Plastflöskur framleiðsluvara Ölgerðarinnar eru úr 50% endurunnu plasti. Á árinu var skipt yfir í plastfilmu utan um plastflöskur sem eru nú úr 100% endurunnu plasti sem áður var 50% endurunnið.

Ölgerðin fól EFLU að uppfæra fyrri vistferilsgreiningu á umbúðum sem er nú aðgengileg á heimasíðu Ölgerðarinnar. Fyrri vistferilsgreining var birt árið 2020 og hafa umbúðir Ölgerðarinnar tekið nokkrum breytingum, þar má nefna nýja tegund af áldósum sem eru mjórri og léttari plastflöskur með áföstum tappa. Samhliða því voru flöskurnar léttar um 3,6 gr. til 4,5 gr. eftir stærð. Með breytingunni sem tók gildi í apríl 2024 náðist að spara 58

tonn af plasti fram til ársloka. Áætlað er að breytingin leiði til árlegrar plastminnkunar upp á um 80 tonn.

Í samráði við dósaframleiðanda okkar hefur verið ákveðið að hætta notkun plastfilmu utan um brettin þegar tómar dósir eru fluttar hingað til lands. Í stað þess að nota plastfilmu utan um dósirnar eru notaðir plast strappar. Með þessari breytingu er áætlað að spara um 3.660 kg. af vélstrekkifilmu á ári.

Umbótahugsun er rótgróin í menningu Ölgerðarinnar en allt starfsfólk félagsins vinnur stöðugt að umbótum og eru þær grunnurinn að því sem við gerum. Dæmi um umbótaverkefni á árinu er ný sápuðæla í gosa- og dósasal Ölgerðarinnar sem gerir það að verkum að auðveldara er að stýra magni af sápu sem fer inn á færiböndin. Með þeim ávinningi sparast allt að ein tunna af sápu á viku, en hver tunna inniheldur 200 kg. af sápu sem samsvavar sparnaði á um 10.4 tonnum af sápu á ársgrundvelli.




Vatnsnotkun og líffræðilegur fjölbreytileiki

Vatn er ein mikilvægasta auðlind jarðar og gegnir lykilhlutverki í starfsemi okkar sem undirstaða framleiðsluvara Ölgerðarinnar. Við lítum ekki á vatn sem sjálfsagðan hlut — heldur sem dýrmætan og takmarkaðan náttúruauð sem ber að nýta með ábyrgum hætti. Á árinu 2024 nam heildarvatnsnotkun Ölgerðarinnar 315.425 m³ af köldu vatni og 173.643 m³ af heitu vatni.


Við erum meðvituð um að vatnsnotkun og aðrar auðlindir geta haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni og jafnframt leitt til áhættu á vöruskorti til lengri tíma. Því leggjum við áherslu á að vinna með birgjum sem taka tillit til umhverfisáhrifa og framkvæmum reglulegt birgjamat.




Flokkunarhlutfall úrgangs



Endurvinnsluhlutfall úrgangs



Heildarmagn úrgangs




Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi

Flokkunarhlutfall


Ölgerðin hefur sett sér markmið að ná 99% flokkunarhlutfalli árið 2030. Ölgerðin vinnur stöðugt að því markmiði með því að bæta aðstöðu, fræða starfsfólk og leita nýrra leiða til að flokka sem mest af úrgangi. Heildarmagn úrgangs hefur aukist milli ára, á sama tíma og flokkunarhlutfallið hefur lækkað örlítið. Hins vegar hefur hlutfall úrgangs sem fer til endurvinnslu hækkað á sama tímabili, sem gefur til kynna jákvæða þróun í meðhöndlun úrgangs þrátt fyrir aukna starfsemi.

Við leitum sífellt leiða til að endurnýta efni og minnka sóun. Allir kassar sem berast til okkar eru nýttir aftur í okkar eigin pantanir. Til dæmis endurnýtum við bæði ytri og innri kassa sem fylgja Oroblu sokkabuxum. Stærri kassarnir nýtast vel fyrir umfangsmeiri pantanir, á meðan minni kassarnir henta einstaklega vel fyrir minni sendingar. Við sjáum tækifæri í hverjum kassa – og leggjum áherslu á að gefa umbúðum nýtt líf.

Skilahlutfall árið 2024



Heildarskilahlutfall eftir árum



Endurvinnsla umbúða

Ölgerðin er einn eigenda Endurvinnslunnar sem á stóran þátt í að tryggja drykkjarumbúðum framhaldslíf. Það er mikilvægt að einnota drykkjarvöruumbúðum sé skilað í endurvinnslu svo þær eigi möguleika á framhaldslífi. Endurvinnslan sér um móttöku allra einnota drykkjarvöruumbúða hérlandis og selur til endurvinnslu. Skilahlutfallið var 91,63% árið 2024.

Losun vegna endurvinnslu umbúða er reiknað með í umfangi 3 flokki 12 (lok líftíma seldra vara) í sjálfbærniuppgjöri samstæðunnar.

Kaffihylki.is

Ölgerðin og Danól flytja inn um 16 milljón kaffihylki á ári. Árið 2023 var sett upp söfnun og endurvinnsla kaffihylkja sem er með umhverfisvænni hætti en áður hefur þekkt hér á Íslandi. Hægt er að skila notuðum kaffihylkjum á 19 söfnunarstöðvum víða um land. Á árinu var endurvinnslulína kaffihylkja hjá Íslenska Gámafélaginu uppfærð með nýjum tækjabúnaði. Kaffihylkin eru forunnin hjá Íslenska Gámafélaginu þar sem þau eru hökkuð og kaffikorgurinn sigtaður frá. Kaffikorgurinn fer í jarð- og gasgerðarstöð GAJU og verður þar að áburði, en leitað er leiða til að nýta kaffikorginn á fleiri máta. Málmurinn fer í málmendurvinnslu.

Ár	Skilahlutfall kaffihylkja
2023	215 kg.
2024	10.612 kg.

Losun vegna endurvinnslu kaffihylkja er reiknað með í umfangi 3 flokki 12 (lok líftíma seldra vara) í sjálfbærniuppgjöri samstæðunnar. Inn á kaffihylki.is er hægt að sjá nánari upplýsingar um verkefnið.

Dregið úr matarsóun í vefverslun

Eitt af markmiðum fyrirtækisins er að minnka matarsóun. Á forsíðu vefverslunar Danól, dótturfyrirtækis Ölgerðarinnar, er vakin sérstök athygli á tilboðsvörum. Til að draga úr sóun og hámarka nýtingu birgða eru vörur settar á tilboð, með það að markmiði að selja vöruna áður en gildistími þeirra rennur út í stað þess að senda í förgun. Á árinu 2024 voru 44.663 einingar seldar á sértilboði sem samsvarar 257 tonnum.

3.

Félagsþættir

Mannréttindi 31
Vellíðan og færnipróun starfsfólks 32
Starfsþróun og menntunarstig 32
Fjölbreytileiki 33
Stefna um fjölbreytileika 33
Kynjahlutföll 34
Jafnvægisvogin 35
Jafnrétti og fjölbreytileiki 35
Íslenskukennsla fyrir öll – Bara tala 35
Heilsa og öryggi starfsfólks 36
Núll-slysastefna 36
Heilsueflandi vinnustaður 36
Fræðsla og þjálfun 36
Starfaskipti 37
Mannréttindi í virðiskeðju 37
Birgjamat 37
Heilsa og öryggi neytenda 38
Hollari valkostir 38
Sætuefni 39
Íslensk hráefni 39
Ábyrgir markaðshættir 40
Gæði og öryggi vara og ábyrgð gagnvart samfélagi 40
Ábyrg markaðssetning 40
Styrkir til samfélagsins 40

Starfsfólk Ölgerðarinnar er ein dýrmætasta auðlind fyrirtækisins.

Það sér ekki aðeins um að raunveruleg verðmætasköpun eigi sér stað í fyrirtækinu heldur er það dagnaður þess og áræðni sem sér til þess að viðskiptavinir Ölgerðarinnar hafa keypt vörur fyrirtækisins í yfir hundrað ár. Það er Ölgerðinni því mikið kappsmál að sjá til þess að starfsfólki fyrirtækisins líði vel við störf sín og að það vaxi og dafni í takt við árangur þess.


Hjá Ölgerðinni starfar fjölbreyttur hópur fólks með ólíkan bakgrunn, reynslu og menningu. Fjöldi stöðugilda í lok árs 2024 voru 400 og kemur starfsfólkið frá alls 17 þjóðernum. Meðalaldur starfsfólks er 38 ár og meðalstarfsaldur er sex ár.

Mannréttindi

Ölgerðin vinnur eftir mannréttindastefnu og hefur birt hana á heimasíðu félagsins. Ölgerðin styður og virðir mannréttindi í samræmi við alþjóðlegar samþykktir um grundvallar mannréttindi svo sem mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna og ILO um rétt við vinnu (ILO Declaration on Fundamental Principles and Rights at Work). Ölgerðin vinnur eftir 10 grundvallarviðmiðum UN Global Compact sáttmálans og hefur skrifað undir yfirlýsingu þess efnis. Tvö viðmiðin snúa að mannréttindum; Félagið styður og virðir vernd alþjóðlegra mannréttinda og fullvissar sig um að gerast ekki meðsekt um mannréttindabrot. Ölgerðin framkvæmir birgjamat og setur þau skilyrði að fyrirtæki fari að öllum lögum og reglum í þeim löndum sem þau stunda viðskipti. Einnig gerir Ölgerðin þá kröfu að fyrirtækið hlíti öllum alþjóðlegum samþykktum um grundvallar mannréttindi svo sem Barnasáttmála SP (UN Convention on the Rights of the Child) og sáttmála ILO um rétt við vinnu (ILO Declaration on Fundamental Principles and Rights at Work).



Starfsánægja



Velliðan og færniþróun starfsfólks

Velliðan og færniþróun starfsfólks er efnislegt málefni fyrir Ölgerðina þar sem árangur og sjálfbærni fyrirtækisins byggir á hæfu og áhugasömu starfsfólki. Við teljum mikilvægt að skapa öruggt og styðjandi vinnuumhverfi þar sem starfsfólk fær tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Þetta nær bæði til líkamlegrar og andlegrar heilsu, jafnt sem formlegrar og óformlegrar færniþróunar.

Við trúum því að með því að leggja áherslu á velliðan og færniþróun starfsfólks, skilar sér í aukinni starfsánægju, minni starfsfólksaveltu og aukinni frammistöðu, sem styður við langtíma-markmið fyrirtækisins.

Helstu verðmæti Ölgerðarinnar felast í mannauðnum og fylgst er með þróun starfsánægju með mælingum hlutlauss aðila og niðurstöður nýttar til úrbóta. Mælingarnar fara fram fjórum sinnum á ári. Frá árinu 2021 hefur markmið Ölgerðarinnar um 85% starfsánægju náðst, sem staðfestir árangur af markvissri uppbyggingu vinnustaðamenningar.

Starfsþróun og menntunarstig

Unnið hefur verið að því að kortleggja menntunarstig starfsfólks til að skapa betri yfirsýn og auðvelda greiningu á tækifærum til starfsþróunar. Með þessum upplýsingum getum við markvisst stutt við starfsfólk í sinni faglegu vegferð.

Ölgerðin er fjölbreyttur, en fyrst og fremst skemmtilegur, vinnustaður þar sem fólk kemur saman sem er með ólíkan bakgrunn og menntun. Hjá okkur starfa meðal annars bakarar, þjónar, matreiðslumenn, snyrtifræðingar, bílstjórar með meirapróf, viðskiptafræðingar, verkfræðingar, sálfræðingar, lífeindafræðingar, matvælafræðingar, stjórnmálafræðingar, plötusnúðar og bruggmeistarar.

Störfin eru jafn fjölbreytt og fólkið okkar og stór hluti þeirra krefst ekki formlegrar menntunar. Til að styðja við þróun og þroska starfsfólks býður Ölgerðin upp á fræðslustyrk sem hluta af starfsþróunar- og endurmenntunarstefnu fyrirtækisins.

Ölgerðin leggur áherslu á að starfsfólk geti vaxið í starfi, fært sig til og unnið sig upp innan fyrirtækisins. Á árinu fengu níu einstaklingar tækifæri til þess með því að færast í ný störf eða þróa sig áfram í núverandi hlutverki.

Fjölbreytileiki

Fjölbreyttur vinnustaður er heilbrigður vinnustaður. Ölgerðin vill laða að sér hæfasta starfsfólkið með hvetjandi og fordómalausri fyrirtækjamenningu sem leggur áherslu á jafna möguleika. Fjölbreyttur hópur starfsfólks býr yfir breiðari sýn, greinir betur þarfir viðskiptavina og getur aðlagð þjónustuna að þeim. Fjölbreytileiki leiðir til betri árangurs og gerir Ölgerðina að eftirsóknarverðari vinnustað.

Stefna um fjölbreytileika


Við hjá Ölgerðinni höfum sett okkur stefnu um fjölbreytileika og jafnrétti. Við skuldbindum okkur til að vinna stöðugt að umbótum í jafnréttismálum og fjölbreytileika hjá fyrirtækinu. Markmið stefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu alls starfsfólks og jöfnum tækifærum óháð kyni, aldri og uppruna og koma í veg fyrir ómálefnalegan launamun. Markmið okkar er að Ölgerðin sé eftirsóknarverður vinnustaður í huga fólks. Við höfum það að markmiði að vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd hvað fjölbreytileika varðar.

3. gr. Stefnumið

Við hjá Ölgerðinni leggjum metnað okkar í að gæta jafnréttis milli starfsfólks með því að vinna markvisst í því að:

1. Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í Þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir allt fólk, óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.
2. Öll störf skulu standa fólki af öllum kynjum opin.
3. Jafna hlutfall kynja og auka fjölbreytni innan fyrirtækisins, einstakra hópa og deilda.
4. Vinna markvisst gegn einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni innan fyrirtækisins.
5. Efla fræðslu og vitund alls starfsfólks um kynjajafnrétti og áskoranir minnihlutahópa.
6. Allt starfsfólk njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar.
7. Auka sveigjanleika og jafnvægi á milli starfsábyrgðar og einkalífs.
8. Efla jafnréttismenningu innan fyrirtækisins, þannig að allt starfsfólk upplifi sig velkomið.
9. Auglýsingar og markaðsstarf Ölgerðarinnar endurspegli nútímalega sýn um jafna stöðu kynjanna. Þær eiga ekki að vera einu kyni til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríða gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.


Hér má sjá kynjaskiptingu síðustu sjö ára



Kynjahlutföll


Þeir sem skilgreina sig sem karlmenn hafa lengi verið í meirihluta hjá Ölgerðinni, sérstaklega í framleiðslu og vöruhúsi þar sem hlutfall þeirra er hátt. Hlutfall þeirra sem skilgreina sig sem karlmenn sýna einnig meiri áhuga á störfum í fyrirtækinu, ef miðað er við fjölda umsókna. Fyrir nokkrum árum speglaði kynjahlutfallið meðal millistjórnenda heildarsamsetningu fyrirtækisins, en síðan þá hefur jákvæð þróun átt sér stað. Árið 2020 voru 30% millistjórnenda konur, en það hlutfall hefur hækkað í 42%. Þetta er í takt við markmið Ölgerðarinnar um að jafna stöðuna og gefa fleiri konum innan Ölgerðarinnar tækifæri að stíga upp.

Millistjórnendur




Kynjafjölbreytni


Hlutfall kvenna í fyrirtækinu




Hlutfall kvenna í byrjandastarfi og næsta starfsprepi fyrir ofan




Framkvæmdastjórn




Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda



Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn



Hlutfall kynja í framkvæmdastjórn 2024



Jafnvægisvogin

Við hjá Ölgerðinni höfum skrifað undir viljayfirlýsingu um Jafnvægisvogina og tökum þannig þátt í að jafna hlutfall karla og kvenna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi. Markmið Jafnvægisvogarinnar er að auka jafnvægi í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði 40/60 kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi.

Við skuldbindum okkur einnig til að taka þátt í innleiðingu á kynjakvóta í stjórnun hlutafélaga, lög nr. 13/2010. Við heitum því að vinna að markmiðum Jafnvægisvogarinnar og leggja verkefninu lið í öflun áreiðanlegra upplýsinga og taka þátt í könnun sem tengist öflun upplýsinga um stöðu mála.

Jafnrétti og fjölbreytileiki

Ölgerðin hefur hlotið vottun sem hinseginvænn vinnustaður frá Samtökunum '78 og vinnur markvisst að því að skapa öruggt og inngildandi vinnuumhverfi fyrir öll. Árið 2024 lagði Ölgerðin fram metnaðarfulla jafnréttis- og fjölbreytileikastefnu til Jafnréttisstofu fyrir tímabilið 2024–2027.

Í stefnunni er lögð áhersla á að efla jafnréttismenningu, auka fræðslu og styrkja vitund starfsfólks um mikilvægi fjölbreytileika og áskoranir mismunandi hópa. Unnið er kerfisbundið að því að jafna hlut kvenna innan fyrirtækisins, stuðla að kynhlutlausri nálgun og tryggja að öll, óháð kyni, kynhneigð, uppruna eða færni, upplifi sig velkomið.

Sem liður í þessari vinnu hafa verið innleiddar fjölbreyttar aðgerðir, svo sem fræðsla, aðgengi að kynhlutlausum salernum og bætt aðstaða í búningsherbergjum. Með þessum skrefum hyggst Ölgerðin byggja upp vinnustað þar sem virðing, jafnrétti og fjölbreytileiki eru sjálfsögð gildi.


Íslenskukennsla fyrir öll – Bara tala

Við höfum lagt áherslu á að gera íslenskunám aðgengilegra og meira í takt við þarfir starfsfólks. Þess vegna var Bara tala innleitt á árinu. Bara tala er stafrænn íslenskukennari í formi apps sem nýtir gervigreind og íslenska máltækni. Námið er sérsniðið að starfsumhverfi Ölgerðarinnar með áherslu á hagnýtan orðaforða, myndrænar vísbendingar og stuðning við hlustun og minni.

Leitast er við að senda allt efni hjá fyrirtækinu út á bæði íslensku og ensku þar sem það á við. Á starfsdeginum okkar, Já deginum, er boðið upp á túlkajónustu til að tryggja að öll geti tekið virkan þátt.

Heilsa og öryggi starfsfólks

Heildarfjöldi slysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsfólks



Núll-slysastefna

Hjá Ölgerðinni er stefna um slysalausán vinnustað og er öryggi starfsfólks í fyrirrúmi. Með fyrirbyggjandi fræðslu, öflugri nýliða-þjálfun, framúrskarandi tækjakosti, öruggum aðbúnaði og tryggu verklagi er reynt að koma í veg fyrir slys.

Sérfræðingur í öryggis- og gæðamálum hefur umsjón með öryggismálum innan fyrirtækisins. Hjá Ölgerðinni starfar öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál sem varða forvarnir, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Ef slys eiga sér stað eru þau skráð og greind. Í framhaldinu eru gerðar úrbætur á aðbúnaði eða verklagi til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Haldið er utan um skráningar á svokölluðum „næstum því slysum“ þar sem starfsfólk skráir tillögur að úrbótum til að koma í veg fyrir slys.

Hvert slys er einu of mikið og áfram er stefnt að markmiðinu um engin slys. Að ná og viðhalda núll-slysastefnu er verkefni sem aldrei lýkur og munu öryggismál og uppbygging öryggismenn-ingar ávallt vera í brennidepli hjá fyrirtækinu.

Heilsueflandi vinnustaður

Starfsfólk er hvatt til heilsueflingar hjá Ölgerðinni með margvís-legum hætti. Því er boðið að nýta sér heilsustyrk til að niður-greiða kostnað vegna líkamlegrar- eða andlegrar heilsu. Boðið er upp á samgöngusamning fyrir þau sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti.

Ár hvert er haldin heilsu- og öryggisvika með það að markmiði að auka vitund um mikilvægi góðrar heilsu og öryggi. Vikan er samsett af fjölda viðburða, svo sem íþróttaviðburða, fyrirlestra og námskeiða. Ölgerðin stuðlar að því að fyrirkomulagið og dag-skráin séu eins og best er á kosið hverju sinni svo flest starfsfólk geti fundið eitthvað við sitt hæfi í formi viðburða, heilsumatseðils eða annarrar þjónustu. Einnig er boðið upp á heilsufarsmælingu fyrir allt starfsfólk í heilsu- og öryggisvikunni.

Ölgerðin er með samning við Heilsuvernd sem er viður-kenndur, heildstæður þjónustuaðili á sviði heilsu- og vinnu-verndar. Þjónustubættir Heilsuverndar fela í sér fjarveru-skráningar og ráðgjöf til starfsfólks, þjónustu trúnaðarlækna, læknamóttöku og velferðarþjónustu auk annarrar þjónustu. Hlutverk Heilsuverndar er meðal annars að skrá veikindi og vera starfsfólki innan handar við úrlausn heilsufarslegra vandamála.

Heilsuvernd veitir ráðgjöf í veikindum og leiðbeinir hvert skal leita innan heilbrigðiskerfisins. Starfsfólk leitar áfram til heimilislækna sinna eða annarra lækna vegna meðferðar. Með skráningunni fæst heildaryfirlit yfir fjarvistir starfsfólks innan mismunandi deilda fyrirtækisins og mögulegt er að bera saman deildir eða Ölgerðina við önnur fyrirtæki. Skráningin getur þannig nýst sem tæki til greiningar á aðbúnaði og öryggi á vinnustaðnum.

Fræðsla og þjálfun

Fræðsla og þjálfun eru lykilþættir í því að starfsfólki líði vel í starfi og fái tækifæri til að vaxa og dafna innan fyrirtækisins. Ölgerðin leggur áherslu á markvissa þjálfun og uppbyggingu ábyrgs og metnaðar-fulls starfsfólks, bæði nýliða og þeirra sem sækja sér endurmenntun. Ölgerðarskólinn er rafrænt fræðslukerfi sem heldur utan um alla skyldufræðslu og aðra fræðslu fyrir starfsfólk Ölgerðarinnar. Hlutverk Ölgerðarskólans er að auka við þekkingu starfsfólks og viðhalda henni með aðgengilegum námskeiðum og fræðslu. Í Ölgerðarskólanum er einnig auðvelt aðgengi að starfsmanna-handbók og öðru efni sem starfsfólk getur kynnt sér.

Þegar starfsfólk hefur störf hjá Ölgerðinni er því veittur aðgang-ur að Ölgerðarskólanum. Það fer í gegnum nýliðafræðslu þar sem farið er yfir öll helstu atriði varðandi sögu, stefnur, reglur og rekstur fyrirtækisins.

Skyldufræðsla nýs starfsfólks er ákvörðuð út frá þörfum og þeim gæðakröfum sem Ölgerðin þarf að uppfylla hverju sinni.

Starfaskipti

Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deilda og starfsfólks til að bæta þjónustu. Starfaskipti eru frábær leið til að kynnast samstarfsfélögum og til þess að þekkja störf hver annars enn betur. Í starfaskiptum heimsækir starfsfólk aðrar deildir og ver að minnsta kosti hálfum degi með starfsfólki á öðrum vinnustöðvum og lærir af því.

Einn mánuður á ári er sérstaklega tileinkaður starfaskiptum en að sjálfsögðu getur starfsfólk farið í starfaskipti á öðrum tímum. Þegar nýtt starfsfólk hefur störf fer það oft í starfaskipti sem er góð leið til að læra fljótt inn á starfsemina og kynnast fólki.

Mannréttindi í virðis-keðju

Við hjá Ölgerðinni veljum okkur samstarfsaðila sem hafa sambærilegan metnað og okkar fyrirtæki þegar kemur að sjálfbærniþáttum. Við vinnum með þeim hætti sem lýst er í siðareglum og við viljum vinna með birgjum sem hafa sömu viðmið.

Allir birgjar og aðrir sem koma að því að vinna verk í virðiskeðjunni, hvort sem um ræðir birgja, verktaka, ráðgjafa eða aðra verða einnig að fylgja siðareglum. Allir birgjar þurfa að skrifa undir siðareglur félagsins (e. code of conducts). Aðilar hjá Ölgerðinni sem bera ábyrgð á birgjasambandi verða að ganga úr skugga um að birginn vinni í takt við okkar mannréttindastefnu.

Við hvorki umberum né störfum með fyrirtækjum eða einstaklingum sem umbera:

- Mannréttindabrot annarra
- Ójafnrétti
- Nauðungarvinnu
- Mansal eða þrælahald
- Líkamlegar refsingar
- Ólöglega barnavinnu
- Ólögmæta mismunun
- Óöruggar vinnuaðstæður
- Ójafna meðferð
- Ósanngjörn laun
- Of langan vinnutíma
- Brot á vinnulöggjöf, félagafrelsi, skattgreiðslum eða öðru sem við kemur lögum
- Spillingu

Séstök tilkynningargátt er fyrir birgja og viðskiptavini Ölgerðarinnar og Danól þar sem hægt er að koma á framfæri ábendingum um mögulegt misferli eða ámælisverða háttsemi. Tilkynningargáttin er aðgengileg á vefsíðu Ölgerðarinnar.


Birgjamat

Birgjamat er eitt af helstu vopnum Ölgerðarinnar til þess að sporna við mannréttindabrotum og til að hafa jákvæð áhrif á sjálfbærni. Ölgerðin hefur verið með virkt birgjamat síðustu árin fyrir hráefna- og umbúðabirgja í innkaupum félagsins.

Á árinu hófst vinna við að innleiða nýtt birgjamatskerfi sem er mun víðtækara en fyrra birgjamatsferli félagsins. Allir birgjar Ölgerðarinnar hafa verið áhættumetnir og sérstaklega verður skoðuð landfræðileg áhætta og áhætta tengt mismunandi iðnaði. Birgjamatið hjálpar félaginu að hafa yfirsýn yfir gæðamál í innkaupum sínum og er jafnframt gott tæki til að ýta undir vitundarvakningu um sjálfbærni hjá þeim sem fyrirtækið á í viðskiptum við. Innleiðing á sama birgjamatskerfi Danól verður lokið árið 2025.

Heilsa og öryggi neytenda

Sykurmagn (g pr. lítra)




Hollari valkostir

Við höfum unnið markvisst að því að auka framboð af hollari valkostum í vöruúrvali okkar með því að þróa nýjar vörur og endurbæta þær sem þegar eru á markaði. Þetta er mikilvægur hluti af sjálfbærnivegferð okkar, þar sem lögð er áhersla á að bjóða upp á valkosti með minni eða engum sykri og áfengissnauða bjóra.

Sykurmagn í seldum lítra af drykkjum Ölgerðarinnar heldur áfram að minnka. Bæði hefur magn sykurs í sykrudum drykkjum minnkað, neytendur velja í auknum mæli sykurlausu eða sykurlausu valkosti, og vöruúrval Ölgerðarinnar af hollari valkostum


Hlutf. stakra skammta í kolsýrðum drykkjum hjá Ölgerðinni



hefur aukist. Ölgerðin framleiðir einnig fjölda kolsýrðra drykkja sem eru ekki skaðlegir tannheilsu neytenda. Allar bragðtegundir Kristals eru tærar og hafa ekki glerungseyðandi áhrif.

Á síðustu átta árum hefur sykurmagn á hvern seldan lítra minnkað um 62%. Markmið félagsins til ársins 2030 er 50% minni sykur á hvern seldan lítra af framleiðsluvöru miðað við árið 2020. Nú þegar hefur sykurmagn minnkað um 40% frá viðmiðunarárinu 2020.

Heildarmarkaður áfengislausra- og léttbjóra samkvæmt Nielsen (að verðmæti m. kr.)



Ölgerðin framleiðir úrval af hágæða bjór, bæði með áfengi og án áfengis. Áfengir drykkir geta haft skaðleg áhrif sé þeirra ekki neytt í hófi. Samfélagið okkar er í stöðugri þróun og vaxandi fjöldi neytenda kys að draga úr eða sleppa öllu áfengi.

Við höfum lagt áherslu á að auka úrval áfengissnauðra bjórtegunda svo neytendur geti valið þann drykk sem hentar hverju tilefni fyrir sig. Áfengissnauður bjór getur verið dæmi um mjög heilsusamlegan kost þar sem hann inniheldur vatn, humla og korn frá náttúrunni. Náttúruleg vítamín og steinefni auka enn á

hollustu hans. Á árinu voru hágæða áfengissnauðar bjórtegundir settar á markað til að svara þeim áhuga sem neytendur hafa sýnt og mikil vinna var lögð í að gera þá jafn bragðgóða og bjóra með áfengi.

Sætuefni

Sætuefni eru notuð í hluta drykkja Ölgerðarinnar. Nokkur mismunandi sætuefni eru til og þau sem Ölgerðin notar eru öll viðurkennd og hafa verið rannsökuð yfir langan tíma. Stöðugt er verið að vakta rannsóknir á sætuefnum en innihaldsefnin eru samþykkt af Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA). Við notum eingöngu samþykkt efni í okkar matvæli. Drykkir með sætuefnum valda ekki sama blóðsykursójafnvægi og drykkir með sykri. Súkralósi, Acesulfame Potassium og Aspartame eru dæmi um sætuefni sem notuð eru hjá Ölgerðinni og má lesa meira um þau á [heimasíðu PepsiCo](#).

Íslensk hráefni

Neytendur gera í síauknum mæli kröfur um að fá að vita um uppruna framleiðsluvara og aukna upplýsingagjöf um umhverfisleg áhrif þeirra. Með því að nýta íslensk hráefni er hægt að minnka kolefnisspor í þeim vörum sem Ölgerðin býður upp á.

Ölgerðin er stærsti einstaki notandi íslensks byggs til bjórgerðar. Við framleiðslu, meðal annars á Bola, notum við íslenskt bygg. Þrátt fyrir að vera stærsti einstaki notandi á Íslandi er þetta lítil hluti af heildar byggmagni sem fyrirtækið notar. Ölgerðin hefur verið að skoða, ásamt landbúnaðarháskólanum, möguleika á frekari framleiðslu og möltun á byggi hérlandis. Mörg atriði þurfa að koma til, t.d. réttur byggstofn til ræktunar hérlandis og fjármagn til uppsetningar á möltunarstöð. Þetta er langtíma nýsköpunarverkefni en það að nota íslenskt hráefni gæti minnkað kolefnisspor við bjórgerð mikið.

Í víngosdrykknum BAGL er notuð íslensk basilíka frá VAXA. Í COLLAB er notað kollagen sem er unnið af Feel Iceland úr sjávararafurðum sem falla til.



Ábyrgir markaðshættir

Gæði og öryggi vara og ábyrgð gagnvart samfélagi

Ölgerðin hefur sett sér skýra stefnu um gæði vara og fylgir vottuðu gæðastjórnunarkerfi þar sem mikil áhætta felst í brestum vegna gæða vara fyrir félagið. Lykilmælikvarði er viðhald vottunar samkvæmt ISO 9001 og ISO 22000 stöðlunum. Ölgerðin hefur náð þeim markmiðum að halda í og efla gæðaímynd félagsins með því að tryggja að vörumeðhöndlun sé í samræmi við bestu þekktar aðferðir á hverjum tíma og að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir og uppfylli þær kröfur sem settar eru af viðskiptavinum og hagsmunaaðilum. Þá eru einnig til staðar viðbragðsáætlanir vegna veikinda eða annarskonar skaða sem neytendur geta orðið fyrir. Markmið Ölgerðarinnar er að viðhalda þróuninni er varðar að efla gæðaímynd félagsins áfram.

Ábyrg markaðssetning

Ölgerðin áttar sig á að sumar framleiðsluvörur fyrirtækisins geta haft neikvæð áhrif ef þeirra er neytt í óhófi. Því leggjum við áherslu á þróun hollari valkosta, með minni eða engum sykri og auknu framboði áfengislausra drykkja. Við berum samfélagslega ábyrgð á því hvernig vörur okkar eru kynntar og markaðssett- ar og kappkostum að veita neytendum skýrar og áreiðanlegar upplýsingar. Við yfirseljum ekki, forðumst villandi fullyrðingar og minnum á mikilvægi hóflegar neyslu. Allt markaðsefni og vöru- upplýsingar eru í samræmi við gildandi lög og reglur.

Styrkir til samfélagsins


Ölgerðin nýtir styrki til að hvetja börn til hreyfingar og í önnur heilsubætandi verkefni. Meðal annars styrkti Ölgerðin Ung- menna- og skólabúðir á Laugarvatni og Reykjum, UMFÍ, ÍSÍ, KKÍ og KSÍ á árinu.

Einnig gefum við vörur sem eru að nálgast síðasta sölundag og reynum að koma þeim í góðar hendur í stað þess að þess að farga þeim. Mæðrastyrksnefnd, Samhjálp, Hjálpræðisherinn og fleiri smærri hjálparsamtök, eins og Frú Ragnheiður, hafa notið góðs af þessu þarfa verkefni.

- Styrkur með drykkjum jólaúthlutanir til Mæðrastyrksnefndar, Fjölskylduhjálpar, Samhjálp og Matargjafir Akureyri.
- Styrkur með drykkjum með jólamat á móttökugeðdeild fíknimeðferðar

Á árinu gaf Danól rúmlega 40 tonn af vörum til góðgerðarsam- taka. Ölgerðin styrkir einnig SÁÁ á hverju ári.





4.

Stjórnarhættir

Viðskiptasiðferði og fyrirtækjamenning 42

Starfs- og siðareglur 42

Stjórnunarhættir 42

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu og mútum 43

Sjálfbærnistjórnun 43

Viðskiptasiðferði og fyrirtækjamenning

Starfs- og siðareglur

Starfs- og siðareglur Ölgerðarinnar eru leiðarljós í því hvernig við tökum ákvarðanir sem styðja við framtíðarsýn og gildi fyrirtækisins. Þær taka til alþjóðlegra viðmiða og geta viðskiptavinir, birgjar og aðrir hagaðilar vitað við hverju má búast af okkur og eru þær skuldbinding til okkar starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagaðila. Þær ná til alls starfsfólks og birgja og leiðbeina okkur í daglegum verkefnum. Starfs- og siðareglur félagsins má finna á vefsíðu Ölgerðarinnar.

Starfs- og siðareglur félagsins innihalda eftirfarandi stefnur:

- Mannauðsstefna
- Jafnréttisstefna
- Mannréttindastefna
- Sjálfbærnistefna
- Starfsreglur stjórnar
- Yfirlýsing um stjórnarhætti
- Öryggisstefna
- Stefna og áætlun gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni
- Gæðastefna
- Samkeppnisréttarstefna
- Stefna gegn mútum og spillingu
- Stefna um upplýsingaöryggi
- Persónuverndarstefna
- Fjölmiðlastefna

Stjórnunarhættir

Helstu áhættur félagsins er varðar stjórnunarhætti eru fólgnar í upplýsingaöryggi og öryggisbresti tölvukerfa. Þá er einnig falin rekstraráhætta í því að ákvörðunartaka stjórnar og annarra innan félagsins taki ekki mið af samfélagi eða umhverfi. Unnið verður í því að skilgreina fleiri áhættuþætti er varðar stjórnunarhætti,



skilgreina árangur og setja markmið er varða þessa áhættuþætti.

Stjórn Ölgerðarinnar starfar eftir starfsreglum sem byggja á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja útgefið af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi. Hlutverk starfsreglnanna er að tryggja skilvirki í starfsemi og tryggja rétta meðferð mála innan félagsins. Þá hefur félagið hlotið viðurkenningu árið 2024 sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum frá Stjórnvísi. Nánar má lesa um stjórnarhætti félagsins í stjórnarháttayfirlýsingu.

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu og mútum

Ölgerðin vinnur eftir starfs- og siðareglum sem eru leiðarljós í því hvernig ákvarðanir eru teknar sem styðja við framtíðarsýn og gildi fyrirtækisins. Okkar viðskiptavinir, birgjar og aðrir hagaðilar vita við hverju má búast af okkur og eru reglurnar skuldbinding til okkar starfsfólks, viðskiptavini og UN Global Compact.

Yfirstjórn og stjórnendum ber að sýna gott fordæmi og fylgja reglum í hvívetna ásamt því að kynna þær vel fyrir starfsfólki sínu. Allt starfsfólk skrifar undir starfs- og siðareglur samhliða undirskrift ráðningarsamnings. Einnig er fræðsla í Ölgerðarskólanum um starfs- og siðareglur félagsins til að tryggja skilning og eftirfylgni.

Starfsfólki ber skylda að tilkynna allar boðsferðir eða gjafir sem því er boðið til yfirmanns og fær það samþykkt ef vilji er til að þiggja. Starfsfólki ber einnig skylda að tilkynna til yfirmanns öll eignar- eða venslatengsl við viðskiptavini eða birgja. Starfsfólk tekur ekki ákvarðanir í starfi sem tengjast á einhvern hátt ættingjum eða maka.

Ölgerðin fylgir öllum lögum og reglum sem tengjast starfsemi fyrirtækisins. Verklagsreglur um uppljóstrun starfsfólks og vernd uppljóstrara sbr. lög nr. 40/2020 hafa verið innleiddar. Starfsfólk, birgjar og viðskiptavinir geta tilkynnt misferli í gegnum tilkynningargátt samstæðunnar.

Sjálfbærnistjórnun

Ölgerðin hefur sett sér metnaðarfull markmið um sjálfbærni í rekstri og er sjálfbærni lykilþáttur í ákvarðanatöku. Fyrirtækið tekur þátt í því að ná loftslagsmarkmiðum Íslands um 40% minnkun kolefnisspors fyrir árið 2030 og er með markmið um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Fyrirtækið hefur skuldbundið sig til að mæla og sannreyna með vísindalegum hætti hvernig til tekst að ná markmiðunum sem miða að því halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Target initiative (SBTi)).

Ölgerðin vinnur auk þess eftir viðmiðum UN Global Compact og skilar árlega inn framvinduskýrslu. Ölgerðin hefur mælt árangurinn og gefið út upplýsingar um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) þess í sjálfbærnisráðgjöf reglulega. Aðra mælikvarða vegna umhverfisstjórnunar og stjórnarháttar má finna í sjálfbærniuppgjöri 2024. Markmið Ölgerðarinnar er að halda áfram að skila inn upplýsingum um UFS þætti árlega og bæta skýrslugjöf eftir því sem við á. Sjálfbærniuppgjör hefur verið staðfest af þriðja aðila.



5.

ESG-þættir

Skýrsla og áritun Klappa grænna lausna hf. 45

Skýrsla stjórnar og forstjóra 46

ESG-þættir 47

Rekstrarþættir 47

Losunarbókhald 49

Umhverfispættir 54

Umhverfisstjórnun 59

Félagslegir þættir 60

Stjórnarhættir 66

Ályktun óháðs endurskoðanda
með takmarkaðri vissu 69

Skipulags- og rekstrarmörk 71

Skilgreiningar 72

Skýringar 74

Skýrsla og áritun Klappa grænna lausna hf.

Klappir grænar lausnir hf., (Klappir) hafa aðstoðað við gerð sjálfbærniuppgjors fyrir Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. Sjálfbærniuppgjorið hefur að geyma helstu upplýsingar um umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnarhætti Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á sjálfbærniuppgjörinu

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga, þ.m.t. upplýsingar um umhverfispætti, samfélagsþætti, og stjórnarhætti, samkvæmt 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Staðfesting Klappa

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar sem kveða á um að framsetning upplýsinga um losun gróðurhúsalofttegunda verði að vera lýsandi, nákvæm, heilleg, samræmd og gagnsæ.


Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að þau gögn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. sem birt eru í sjálfbærniuppgjöri þessu vegna tímabilsins 1.1.2024 - 31.12.2024, hafa verið yfirfarin og metin af sjálfbærnisérfræðingum Klappa eftir bestu vitund. Gögn tengd félagslegum þáttum og stjórnarháttum voru ekki yfirfarin af Klöppum. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.



Klappir grænar lausnir hf.

Jón Ágúst Þorsteinsson

Sjálfbærniuppgjör Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. er rafrænt undirritað af Klöppum grænum lausnum hf.



Skýrsla stjórnar og forstjóra

Sjálfbærniuppgjör Ölgerðarinnar sem sett er fram í samræmi við 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og Sjálfbærnimælikvarða í UFS leiðbeiningum Nasdaq (ESG reporting Guide 2.0).

Þessar leiðbeiningar eru byggðar á tillögum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange).

Ölgerðin notar stafræna tækni Klappa grænna lausna hf. til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga sem tengjast sjálfbærni félagsins.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með sjálfbærniuppgjör félagsins fyrir tímabilið 01.01.2024 – 31.12.2024 með undirritun sinni.

Sjálfbærniuppgjör Ölgerðarinnar er rafrænt undirritað af stjórn og forstjóra.

Í stjórn

Bogi Þór Siguroddsson
Magnús Árnason
Gerður Huld Arinbjarnardóttir
Rannveig Eir Einarsdóttir
Sigríður Elín Sigfúsdóttir

Forstjóri

Andri Þór Guðmundsson



ESG-þættir

Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Einingar	2024	2023
Heildartekjur [1]	m. ISK	45.723,87	45.375
Eigið fé alls (óskráð félög)	m. ISK	16.375	15.047
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	400	395
Heildarflatarmál fyrir eigin rekstur [2]	m²	24.914	23.204

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Einingar	2024	2023
Losunarkræfni orku	kgCO ₂ í/MWst	655,8	647,2
Losunarkræfni starfsfólks	kgCO ₂ í/stöðugildi	45.026,7	44.668,1
Losunarkræfni tekna	kgCO ₂ í/milljón ISK	393,9	388,85
Losunarkræfni eiginfjár	kgCO ₂ í/milljón ISK	1.099,9	1.172,6
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO ₂ í/m²	722,9	760,4
Nasdaq: E2 UNGC: P7, P8 GRI: 305-4 SDG: 13 SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management			

Orkukræfni	Einingar	2024	2023
Orkukræfni starfsfólks	kWst/stöðugildi	68.661,5	69.014,8
Orkukræfni tekna	kWst/milljón ISK	600,7	600,8
Orkukræfni á fermetra	kWst/m²	1.102,4	1.174,8
E4 UNGC: P7, P8 GRI 302-3 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management			

Úrgangskræfni	Einingar	2024	2023
Úrgangskræfni starfsfólks	kg/stöðugildi	5.016,4	4.306,9
Úrgangskræfni tekna	kg/milljón ISK	43,9	37,5

Losunarbókhald

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2024	2023
Umfang 1	tCO ₂ í	425,7	1.306,8
Umfang 2 (landsnetið) [3]	tCO ₂ í	209,3	236,5
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum) [4]	tCO ₂ í	209,3	236,5
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	635	1.543,2
Samtals umfang 1 og 2 (markaðskerfi)	tCO ₂ í	635	1.543,2
Umfang 3	tCO ₂ í	17.375,6	16.100,7
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	tCO ₂ í	18.010,7	17.643,9
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (með markaðsaðgerðum) og 3)	tCO ₂ í	18.010,7	17.643,9
ESRS E1-6, paragraph 44, 48 (a, b), 49 (a, b), 52 (a, b), 51, AR 39, AR 43 - AR 45, AR 47			

Mótvægisaðgerðir	Einingar	2024	2023
Samtals mótvægisaðgerðir	tCO ₂ í	0	0
Par af staðfestar kolefniseiningar	tCO ₂ í		
Par af óstaðfestar mótvægisaðgerðir	tCO ₂ í		

Umfang 1 - Samsetning losunar	Einingar	2024	2023
Heildarlosun	tCO ₂ í	425,7	1.306,8
Staðbundin eldsneytisnotkun [5]	tCO ₂ í	2,6	251,3
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	423,1	529,9
Lekalosun [6]	tCO ₂ í	0	525,5
ESRS E1-6, AR 52			

Umfang 2 - Samsetning losunar	Einingar	2024	2023
Heildarlosun	tCO ₂ í	209,3	236,5
Rafmagn	tCO ₂ í	134	159,5
Hitaveita	tCO ₂ í	75,4	77
ESRS E1-6, AR 52			

Umfang 3 - Losun á fyrri stigum	Einingar	2024	2023
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta			
Heildarlosun [7]	tCO ₂ í	9.396,2	8.825
Raftæki	tCO ₂ í	0	0
Matur	tCO ₂ í	0	0

Umbúðir	tCO ₂ í	0	0
Byggingarefni	tCO ₂ í	0	0
Annað [8]	tCO ₂ í	9.396,2	8.825
Flokkur 2: Fastafjármunir			
Heildarlosun	tCO ₂ í	494,9	55,2
Mannvirki	tCO ₂ í	0	0
Farartæki [9]	tCO ₂ í	356,8	0
Tækjabúnaður [10]	tCO ₂ í	138,1	55,2
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi			
Heildarlosun	tCO ₂ í	146,7	224,1
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO ₂ í	106,8	186,8
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO ₂ í	0,5	0,6
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO ₂ í	39,3	36,7
Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing			
Heildarlosun	tCO ₂ í	6.204,8	6.002,3
Flugfrakt	tCO ₂ í	0	0
Sjóflutningur	tCO ₂ í	5.836,4	5.632,4
Vegflutningar	tCO ₂ í	361,5	362,4

Lestarflutningar	tCO ₂ í	0	0
Hýsing á keyptri vöru [11]	tCO ₂ í	6,9	7,4
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri			
Heildarlosun	tCO ₂ í	28,5	28,6
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	28,5	28,6
Fráveita	tCO ₂ í	0	0
Flokkur 6: Viðskiptaferðir			
Heildarlosun	tCO ₂ í	106,9	111,3
Flugferðir	tCO ₂ í	106,9	111,3
Flokkur 7: Samgöngur starfsfólks			
Heildarlosun [12]	tCO ₂ í	163,6	180,2
Áætlunarbifreiðar	tCO ₂ í	2	4,2
Einkabíll	tCO ₂ í	161,6	176

ESRS E1-6, AR 52

Umfang 3 - Losun á síðari stigum	Einingar	2024	2023
Flokkur 12: Lok líftíma seldrar vöru			
Heildarlosun [13]	tCO ₂ í	834,1	674

Flokkur 15: Fjárfestingar

Heildarlosun	tCO ₂ í	0	0
Skráð hlutabréf og skuldabréf	tCO ₂ í	0	0
Fyrirtækjalán og óskráð hlutabréf	tCO ₂ í	0	0
Framkvæmdalán	tCO ₂ í	0	0
Fasteignalán fyrirtækja	tCO ₂ í	0	0
Fasteignalán	tCO ₂ í	0	0
Bílalán	tCO ₂ í	0	0

ESRS E1-6, AR 52

Umhverfispættir

Orkunotkun	Einingar	2024	2023
Heildarorkunotkun	kWst	27.464.597,5	27.260.838,7
Jarðefnaeldsneyti	kWst	1.707.219,8	3.074.550,8
Lífeldsneyti	kWst	0	0
Rafeldsneyti	kWst	0	4.161,7
Rafmagn	kWst	15.686.060	15.481.767
Hitaveita	kWst	10.071.318,3	8.700.359,1
Bein orkunotkun	kWst	1.707.219,8	3.078.712,5
Óbein orkunotkun	kWst	25.757.377,8	24.182.126,2
Nasdaq: E3 UNGC: P7, P8 GRI: 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management			

Orkusamsetning	Einingar	2024	2023
Heildarorkunotkun	kWst	27.464.597,5	27.260.838,7
Jarðefnaeldsneyti	%	6,2%	11,3%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	93,8%	88,7%
Kjarnorka	%	0%	0%

Óþekkt

%

0%

0%

Nasdaq: E5|GRI: 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

Eldsneytisnotkun	Einingar	2024	2023
Samtals eldsneytisnotkun	kg	143.603,6	256.180,2
Diesel fuel off road	kg	2.745	0
Marine gas oil [14]	kg	0	76.931,2
Bensín	kg	32.818	43.534,1
Vetni	kg	0	104,8
Díselolía	kg	108.040,5	135.610,2

Lekalosun	Einingar	2024	2023
Samtals lekalosun [15]	kg	24	134
Koldíoxíð (CO ₂) [16]	kg	24	0
F-gös	kg	0	134

Vatnsnotkun	Einingar	2024	2023
Samtals vatnsnotkun	m³	489.068,9	466.505,7
Kalt vatn	m³	315.425,5	316.499,5
Heitt vatn	m³	173.643,4	150.006,2
Nasdaq: E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water & Wastewater Management			

Samsetning raforku	Einingar	2024	2023
Samtals raforkunotkun	kWst	15.686.059,5	15.481.767
Jarðefnaeldsneyti	%	0%	0%
Endurnýjanlegir orkugjafar [17]	%	100%	100%
Kjarnorka	%	0%	0%

Aðkeyptir flutningar og dreifing	Einingar	2024	2023
Samtals aðkeyptur flutningur og dreifing	tonn	86.322	84.550,1
Flugfrakt	tonn	0	0
Sjóflutningar	tonn	64.341,8	62.483,8
Vegflutningar	tonn	21.980,2	22.066,3

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2024	2023
Samtals úrgangsmagn	kg	2.006.554	1.701.208
Flokkaður úrgangur	kg	1.837.591	1.576.847
Óflokkaður úrgangur	kg	168.963	124.361
Endurheimtur úrgangur	kg	1.976.119	1.660.659
Úrgangi fargað	kg	30.435	40.549
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	91,6%	92,7%
Hlutfall endurheimts úrgangs	%	98,5%	97,6%

Viðskiptaferðir	Einingar	2024	2023
Samtals vegalengd [18]	km	564.490	266.713,6
Flugferðir	km	564.490	266.713,6

Gistinætur	Einingar	2024	2023
Heildarfjöldi gistinguátta [19]	fjöldi	0	0

Samgöngur starfsfólks	Einingar	2024	2023
Samtals vegalengd	km	1.595.734	1.523.764
Almenningssamgöngur	km	18.577	41.371
Einkabíll	km	1.482.654	1.364.816
Fótgangandi / Hjólandi	km	94.503,2	117.577,91

Umhverfisstjórnun

Umhverfisstarfsemi	Einingar	2024	2023
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei
Nasdaq: E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management			

Lofslagseftirlit	Einingar	2024	2023
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Já
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Já
Nasdaq: E8, E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A/B)			

Mildun loftlagsáhættu	Einingar	2024	2023
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	m. ISK	285	262
Nasdaq: E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)			

Félagslegir þættir

Launahlutfall forstjóra	Einingar	2024	2023
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsfólks í fullu starfi	X:1	8,2	8
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	Já	Já
S1 UNGC: P6 GRI 102-38			

Launamunur kynja	Einingar	2024	2023
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	1	1
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	1,3%	0,6%
S2 UNGC: P6 GRI: 405-2 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion			

Starfsfólksvelta	Einingar	2024	2023
Starfsfólk í fullu starfi			
Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi	%	22,9%	27,1%
Frávísun	%	3,1%	2,8%
Starfslok	%	1%	1,1%
Starfsskipti	%	18,5%	23,3%

Fráfall	%	0,3%	0%
Starfsfólk í hlutastarfi			
Árleg breyting starfsfólks í hlutastarfi	%	2%	1,7%
Frávísun	%	0%	0%
Starfslok	%	0%	1,7%
Starfsskipti	%	2%	0%
Fráfall	%	0%	0%
Verktakar og/eða ráðgjafar			
Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa [20]			
Kyn			
Karlar	%	21,6%	25,9%
Konur	%	18,9%	18,1%
Kvár (kynskráning kynsegin/annað)	%		
Ekki tilgreint	%		
Aldur			
<20	%	36,4%	44,4%
20-29	%	38,1%	30%
30-39	%	14,7%	24,1%

40-49	%	11,5%	16,5%
50-59	%	7,7%	16,3%
60-69	%	22,9%	19,5%
70+	%	0%	50%

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices

Kynjafjölbreytni	Einingar	2024	2023
Starfsfólksfjöldi			
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	31,1%	30%
Konur	fjöldi	132	127
Karlar	fjöldi	292	294
Kvár (kynskráning kynsegin/annað)	fjöldi		
Ekki tilgreint	fjöldi		
Byrjenda- og millistjórnendastöður			
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsprepi fyrir ofan	%	30,2%	29%
Konur	fjöldi	116	111
Karlar	fjöldi	268	270
Kvár (kynskráning kynsegin/annað)	fjöldi		

Ekki tilgreint	fjöldi		
Yfirmenn og stjórnendur			
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	40%	40%
Konur	fjöldi	16	16
Karlar	fjöldi	24	24
Kvár (kynskráning kynsegin/annað)	fjöldi		
Ekki tilgreint	fjöldi		
S4 UNGC: P6 GRI: 102-8, 405-1 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion			

Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Einingar	2024	2023
Prósenta starfsfólks í hlutastarfi	%	11,7%	14%
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%		
S5 GRI: 102-8 UNGC: P6			

Aðgerðir gegn mismunun	Einingar	2024	2023
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	Já	Já
S6 UNGC: P6 GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016) SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion			

Vinnuslysatiðni	Einingar	2024	2023
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsfólks	%	3,9%	4%
S7 GRI: 403-9 SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety			

Hnattræn heilsa og öryggi	Einingar	2024	2023
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Já	Já
Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsfólks	X:1	0,04	0,03
Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsfólks	X:1	0,02	0,02
Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsfólks	X:1	0,02	0,01
S8 GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018) SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety			

Barna- og nauðungarvinna	Einingar	2024	2023
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaprælkun?	já/nei	Já	Já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Já	Já
S9 GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P4, P5 SDG: 8 SASB: General Issue / Labor Practices			

Mannréttindi	Einingar	2024	2023
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	Já	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	Já	Já
S10 GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P1, P2 SDG: 4, 10, 16 SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations			

Stjórnarhættir

Kynjahlutfall í stjórn	Einingar	2024	2023
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	60%	40%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	50%	100%
G1 GRI 405-1 SDG: 10 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)			

Óhæði stjórnar	Einingar	2024	2023
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	60%	80%
G2 GRI: 102-23, 102-22			

Kaupaukar	Einingar	2024	2023
Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Já	Já
G3 GRI: 102-35			

Kjarasamningar	Einingar	2024	2023
Hlutfall starfsfólks sem falla undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%
G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)			

Siðareglur birgja	Einingar	2024	2023
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum? [21]	já/nei	Já	Já
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum? [22]	%	10,9%	0%
G5 UNGC: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016 SDG: 12 SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)			

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Einingar	2024	2023
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	Já	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsfólks hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni? [23]	%	83%	64%
G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)			

Persónuvernd	Einingar	2024	2023
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já
G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)			

Sjálfbæriskýrsla	Einingar	2024	2023
Birtir fyrirtækið sjálfbæriskýrslu?	já/nei	Já	Já
Ef já: Inniheldur sjálfbæriskýrslan kafla um félagslega þætti, stjórnarhætti og umhverfisþætti?	já/nei	Nei	Nei
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	Já	Já
G8 UNGC: P8			

Starfsvenjur við upplýsingagjöf	Einingar	2024	2023
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	Já	Já
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	Já	Já
G9 UNGC: P8			

Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	Einingar	2024	2023
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	Já	Já
G10 UNGC: P8 GRI: 102-56			



Ályktun óháðs endurskoðanda með takmarkaðri vissu

Til stjórnar og hagsmunaaðila Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

Ályktun

Við vorum ráðin af Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir Ölgerðin) til að veita óháða takmarkaða ályktun (e. limited assurance) á sjálfbærniuppgjör Ölgerðarinnar sem sett er fram í samræmi við 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og Sjálfbærnimælikvarða í UFS leiðbeiningum Nasdaq (ESG reporting Guide 2.0).

Byggt á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að sjálfbærniuppgjörið sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og Sjálfbærnimælikvarða í UFS leiðbeiningum Nasdaq (ESG Reporting Guide 2.0).

Umfang

Markmið og umfang takmarkaðrar staðfestingarvinnu okkar felur í sér að leggja mat á sjálfbærnimælikvarða sem settir eru fram í [töflu á bls. 47 til 68](#) í sjálfbærniskýrslu Ölgerðarinnar fyrir árið 2024.

Ályktun okkar er með takmarkaðri vissu.

Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 (revised) sem á við um staðfestingarvinnu aðra en endurskoðun og könnun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) eða alþjóðlega könnunarstaðla (ISRE). Markmið staðfestingarvinnunnar er að veita takmarkaða vissu.

Verkefni með ályktun með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en verkefni með nægjanlegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem færst

er umtalsvert minni en með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja ályktun okkar.

Við teljum að þær upplýsingar sem við höfum aflað séu fullnægjandi og viðeigandi sem grundvöllur ályktunar okkar.

Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð Ölgerðinni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða ályktun okkar.

Við fylgjum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, (e. International Standard on Quality Management) ISQM 1 og viðhöldum í samræmi við það alhliða kerfi gæðaeftirlits, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Aðgerðir

Við höfum beitt faglegu mati og viðhaldið faglegri tortryggni í gegnum skoðunina í samræmi við ISAE 3000 (revised), siðar- eglur og óhæðisreglur. Skoðanir okkar samanstóðu m.a. af eft- irfarandi:

- Við lögðum mat á reikningsskilaaðferðir og beitingu þeirra.
- Við öðluðumst skilning á því innra eftirliti sem skiptir máli fyrir vinnu okkar til að hanna aðgerðir sem eru viðeigandi miðað við aðstæður, en ekki í þeim tilgangi að láta í ljós álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Við bárum kennsl á og mátum áhættuna á verulegum rangfærslum á sjálfbærniuppgjörinu, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.
- Við beittum fyrirspurnum til stjórnenda til að meta ferli við gerð sjálfbærniuppgjors og gagnasöfnunar.
- Við framkvæmdum takmarkaða gagnaskoðun á úrtak gagna til að afla skilnings og leggja mat á framsetningu.
- Við framkvæmdum greiningaraðgerðir vegna breytinga milli tímabila.
- Lagt var mat á eigindlegar staðhæfingar stjórnenda vegna sjálfbærniuppgjorsins.

Ábyrgð stjórnar og stjórnenda

Stjórn og stjórnendur Ölgerðarinnar bera ábyrgð á:

- Að skilgreina reikningsskilaaðferðir og beitingu þeirra.
- Að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu sjálfbærniuppgjorsins, þ.m.t. tengt útreikningum og mati á sjálfbærnimælikvörðum þannig að sjálfbærniuppgjörið sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.
- Gerð og og framsetningu sjálfbærniuppgjors í samræmi við 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og Sjálfbærnimælikvarða í UFS leiðbeiningum Nasdaq (ESG Reporting Guide 2.0).
- Skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að:

- Skipuleggja og framkvæma vinnu okkar þannig að takmörkuð víska fáist um að sjálfbærniuppgjörið sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.
- Að láta í ljós ályktun með takmarkaðri vissu byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeim gögnum sem aflað var.

Önnur atriði

Sjálfbærniuppgjör Ölgerðarinnar vegna ársins 2023 var staðfest með takmarkaðri vissu af öðrum endurskoðanda. Staðfestingin var dagsett 18.apríl 2024 og er án fyrirvara.

Reykjavík 14. maí 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Magnús Mar Vignisson

löggiltur endurskoðandi

Skipulags- og rekstrarmörk

Skipulagsmörk

Við gerð uppgjörs Ölgerðinnar hefur „Operational Control“ aðferða-fræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra. Undir uppgjör Ölgerðinnar fellur rekstur eftirfarandi lögaðila:

- Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.
- Danól ehf.
- Iceland Spring ehf.
- Collab ehf.

Rekstrarmörk

Umfang 1

- Eldsneytisnotkun farartækja: Talið að fullu
- Staðbundin eldsneytisnotkun: Talið að fullu
- Lekalosun: Talið að fullu
- Losun frá iðnaðarferlum: Á ekki við

Umfang 2

- Raforkunotkun: Talið að fullu
- Hitaveita: Talið að fullu
- Kæling: Á ekki við
- Gufa: Á ekki við

Umfang 3

- Flokkur 1 - Aðkeypt vara og þjónusta: Talið að hluta
- Flokkur 2 - Fastafjármunir: Talið að hluta
- Flokkur 3 - Eldsneytis- og orkutengd starfsemi: Talið að fullu
- Flokkur 4 - Aðkeyptur flutningur og dreifing: Talið að hluta
- Flokkur 5 - Úrgangur frá rekstri: Talið að fullu
- Flokkur 6 – Viðskiptaferðir: Talið að hluta
- Flokkur 7 - Samgöngur starfsfólks: Talið að fullu
- Flokkur 8 - Leigðar eignir: Á ekki við
- Flokkur 9 - Flutningur og dreifing á síðari stigum: Á ekki við
- Flokkur 10 - Áframhaldandi vinnsla á seldum vörum: Ótalið
- Flokkur 11 - Notkun á seldri vöru: Ótalið
- Flokkur 12 - Lok líftíma seldrar vöru: Talið að fullu
- Flokkur 13 - Útleigðar eignir: Ótalið
- Flokkur 14 – Sérleyfishafar: Á ekki við
- Flokkur 15 – Fjárfestingar: Á ekki við

Skilgreiningar

KOLEFNISEINING Kolefniseining er breytanlegur og framselj-anlegur gurningur sem jafngildir magni á losun gróðurhúsaloft-tegunda sem dregið hefur verið úr, komið í veg fyrir eða fjarlæggt með staðfestum aðgerðum samkvæmt viðurkenndum gæða-stöðlum. Kolefniseiningar geta verið útgefnar vegna aðgerða innan eða utan virðiskeðju uppgjörsaðila.

LOSUNARKRÆFNI Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, umfangi 2 og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO₂í á einingu (svo sem tCO₂í á móti heildar-tekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

BEIN OG ÓBEIN ORKUNOTKUN Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1: bein losun) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2: óbein losun). Orku-notkunin er sett fram í kílówattstundum (kWst).

ORKUKRÆFNI Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsfólk í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

ÚRGANGSKRÆFNI Úrgangskræfni reiknast sem heildar-magn úrgangs deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kg á einingu (svo sem kg á starfsfólk í fullu stöðugildi).

MÓTVÆGISADGERÐIR Aðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða ráða bót á neikvæðum umhverfisáhrifum.

UMFANG 2 (LANDSNET) Losun í umfangi 2 (landsnet) (e. Scope 2 - Location-based) er óbein losun vegna framleiðslu not-aðrar orku, þar sem að losun vegna orkunotkunar er áætluð útfrá meðallosun frá viðeigandi dreifikerfi orku innan uppgjörstímabils. Miðað við aðferðafræði GHG Protocol skal fyrirtæki birta losun í umfangi 2 (landsnet).

UMFANG 2 (MEÐ MARKAÐSADGERÐUM) Losun í umfangi 2 (með markaðsaðgerðum) (e. market-based) er óbein losun vegna framleiðslu notaðrar orku, þar sem að losun vegna orku-notkunar er áætluð útfrá samsetningu keyptrar orku miðað við markaðstæki, s.s. upprunaábyrgðir raforku. Miðað við aðferða-fræði GHG Protocol er valkvætt hvort losun í umfangi 2 (með markaðsaðgerðum) sé birt.

LEKALOSUN Bein losun gróðurhúsalofttegunda í andrúms-loftið með eða án ásetnings, t.d. frá leka úr hvers kyns búnaði eða notkun vetnisflúorkolefna (HFC) í kæli- eða loftræstibúnaði.

AÐKEYPT VARA OG ÞJÓNUSTA Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á vöru og þjónustu keyptri af fyrirtæki innan upp-gjörstímabils, sem ekki heyrir undir flokka 2-8.

FASTAFJÁRMUNIR Hráefnavinnsla, framleiðsla, og flutningur á fastafjármunum keyptum af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

ELDSNEYTIS- OG ORKUTENGÐ STARFSEMI Hráefna-vinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti og orku keyptu af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, sem ekki heyrir undir umfang 1 og 2, þar á meðal:

Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á keyptu eldsneyti

Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti notuðu í framleiðslu rafmagns, gufu, hitunar og kælingar

Flutnings- og dreifingartap orku

Framleiðsla á keyptri orku sem er áframseld til endanotenda.

AÐKEYPTUR FLUTNINGUR OG DREIFING Flutningur og dreifing milli fyrirtækis og fyrsta stigs birgja vegna vara keyptum af fyrirtæki innan uppgjörstímabils. Flutningur og dreifing keypt af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, þ.m.t. flutningur á vöru á inn-leið, útleið og á milli starfsstöðva.

ÚRGANGUR FRÁ REKSTRI Förgun og meðhöndlun á úr-gangi mynduðum í rekstri fyrirtækis innan uppgjörstímabils.

VIÐSKIPTAFERÐIR Ferðir starfsfólks vegna viðskiptatengdra ferðalaga innan uppgjörstímabils.

SAMGÖNGUR STARFSFÓLKS Ferðir starfsfólks á milli heimilis og vinnustaðar innan uppgjörstímabils.

LEIGÐAR EIGNIR Rekstur eigna sem leigðar eru af fyrirtæki (leigjanda) innan uppgjörstímabils sem ekki falla í umfang 1 og 2.

FLUTNINGUR OG DREIFING Á SÍÐARI STIGUM Flutningur og dreifing á vöru sem seld er innan uppgjörstímabils milli fyrirtækis og neytenda, ef ekki greiddur af fyrirtækinu, ásamt smásölu og hýsingu.

ÁFRAMHALDANDI VINNSLA Á SELDUM VÖRUM Vinnsla á ófullbúinni vöru seldri innan uppgjörstímabils.

NOTKUN Á SELDRI VÖRU Notkunarferill vöru og þjónustu sem seld er af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

LOK LÍFTÍMA SELDRAR VÖRU Förgun og meðhöndlun við lok líftíma á vöru seldri af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

ÚTLEIGÐAR EIGNIR Rekstur útleigðra eigna í eigu fyrirtækis (leigusala) sem leigðar eru til annara fyrirtækja innan uppgjörstímabils og falla ekki undir umfang 1 og 2.

SÉRLEYFISHAFAR Rekstur sérleyfishafa sem ekki heyra undir umfang 1 og 2 innan uppgjörstímabils. Birt af sérleyfisveitanda.

FJÁRFESTINGAR Losun vegna fjárfestinga á uppgjörsári (þ.m.t. hlutabréf, skuldabréf, framkvæmdalán og önnur lán) sem ekki heyra undir umfang 1 eða 2.

ORKUSTJÓRNUNARKERFI Með orkustjórnunarkerfi er átt við stöðluð orkustjórnunarkerfi s.s. ISO 50001.

Skýringar

[1] Heildartekjur taka mið af fjárhagsári Ölgerðarinnar(1. mars 2024-28. febrúar 2025).

[2] Breyting á flatarmáli milli ára skýrist af kaupum á Köllunar-klettsvegi 6.

[3] Stuðlabreyting frá Umhverfisstofnun, útgefin í ágúst 2024, skýrir muninn á rafmagninu með uppfærðum losunarstuðlum sem endurspeгла breytingu milli ára.

[4] Upprunavottorð frá HS Orku fyrir árið 2024 staðfestir að Ölgerðin notar 100% endurnýjanlega raforku.

[5] Staðbundin eldsneytisnotkun árið 2024 skráist á vélartank á lóð Ölgerðarinnar.

[6] Árið 2022 voru gerðar verulegar breytingar á kælikerfum við Grjótháls og hefur ekki verið bætt kælimiðli á kerfin síðan. Árið 2023 var leki í síðasta óumhverfisvæna kælikerfi hússins við Grjótháls. Tölur frá árinu 2024 taka mið af Köllunarklettsvegi 6 sem er með 8 kælikerfi sem keyra á R744(CO₂) sem námundast að núlli.

[7] Umbúðir og hráefni framleiðsluvara Ölgerðarinnar.

[8] Undir annað fellur hráefni og umbúðir fyrir framleiðsluvörur Ölgerðarinnar. Stuðst var við uppfærða vistferilsgreiningu fyrir umbúðir Ölgerðarinnar árið 2024 og er útreikningur ekki afturvirkur.

[9] Rafbílar keyptir 2024 teknir með í útreikninga.

[10] Tölvubúnaður og símar.

[11] Losun tengdri rafmagnsnotkun bætt við fyrir 2023 og 2024 út frá gögnum hjá hýsingaraðila.

[12] Samgönguhegðun 85% starfsfólks er áætluð út frá samgönguhegðun annars starfsfólks.

[13] Lok líftíma seldrar vöru tekur mið af umbúðum sem fara í endurvinnslu og kaffihylki sem fara í endurvinnslu.

[14] Olíuketill tekinn úr notkun 2023.

[15] Lekalosun 2024 tekur mið af kælikerfi á Köllunarklettsvegi 6.

[16] Koldíoxíð vegna kælikerfis á Köllunarklettsvegi 6.

[17] Upprunavottorð frá HS Orku fyrir árið 2024.

[18] Útreikningar á losun vegna flugferða árið 2024 voru unnir með hliðsjón af aðferðafræði og gögnum frá Klöppum.

[19] Ekki talið með í uppgjöri.

[20] Starfsfólksavelta vegna verktaka og/eða ráðgjafar á ekki við.

[21] Aðeins birgjar Ölgerðarinnar (unnið er að innleiðingu fyrir dótturfyrirtæki Danól).

[22] Unnið er að innleiða birgjamatskerfi fyrir Danól árið 2025 og eru þeir birgjar ekki meðtaldir.

[23] Allt starfsfólk skrifar undir starfs- og siðareglur samhliða undirskrift ráðningarsamnings. Einnig er námskeið inn í Ölgerðarskólanum um starfs- og siðareglur félagsins.



Sjálfbærniskýrsla 2024